

Héraðssamband Pingeyinga



Ársskýrsla 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Ávarp formanns	3
Stjórn, nefndir og ráð HSP 2022-2023	3
Skýrsla stjórnar	4
Ársreikningar	6
Skýrslur ráða, nefnda og sjóða	12
Frjálsíþróttaráð	12
Unglingalandsmót UMFÍ	13
Verkefna- og styrktarsjóður HSP	13
Lottótölur HSP	14
Iðkendatölur HSP	15
Aðildarfélag HSP	15
Starfsskýrslur aðildarfélaga	16
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	16
Golfklúbbur Húsavíkur	16
Golfklúbbur Mývatnssveitar	17
Golfklúbburinn Gljúfri	17
Golfklúbburinn Lundur	17
Hestamannafélagið Feykir	17
Hestamannafélagið Grani	18
Hestamannafélagið Snæfaxi	18
Hestamannafélagið Þjálfí	18
Íþróttafélagið Magni	19
Íþróttafélagið Völsungur	20
Íþróttafélagið Þingeyingur	26
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag	26
Skákfélagið Goðinn	27
Skotfélag Húsavíkur	27
Skotíþróttafélag Norðurlands	29
Ungmennafélagið Austri	29
Ungmennafélagið Bjarmi	30
Ungmennafélagið Efling	30
Ungmennafélagið Einingin	31
Ungmennafélagið Geisli	32
Ungmennafélag Langnesinga	32
Heiðranir UMFÍ, ÍSÍ og HSP	35
Íþróttamaður ársins (frá upphafi)	36
Íþróttamenn ársins 2022	37
Lög HSP	39
Verkefna- og styrktarsjóður HSP	42

Þökkum styrktaraðilum okkar stuðninginn á árinu 2022



Norðurþing



Skútustaðahreppur



Þingeyjarsveit



Langanesbyggð



Grýtubakkahreppur



Tjörneshreppur

Ávarp formanns

Ágætu félagar

Velkomin á ársþing Héraðssambands Þingeyinga, sem að þessu sinni er haldið í Grenivíkurskóla á Grenivík af Íþróttafélaginu Magna.

Ég slysaðist til þess á síðasta ársþing að bjóða mig fram til formanns og náði kjöri eftir mikla og erfiða kosninga baráttu, nei það er nú reyndar ekki satt þetta var engin barátta heldur spurning hver mögulega nennti að taka þetta verk að sér. Við erum komin á þann stað í dag að sjálfboðaliðastarf og seta í stjórnnum og nefndum félaga og félagasamtaka er eitthvað sem enginn nennir að gera eða telur sig hafa tíma til, samt eru þetta hlutir sem við verðum að gera og skipta á milli okkar.

Það er ekki léttverk að finna fólk til að sitja í stjórn Héraðssambandsins þó svo að það sé ekki mikið verk svona oftast nær, við erum farin að halda flesta fundi bæði sem stað- og fjarfundi og því ættu flestir að geta setið í stjórn Héraðssambandsins, samt þarf nánast að snúa uppá hendur fólks til að starfa með okkur. Þessu þurfum við að breyta og finna eitthvert kerfi á því hvernig best er að gera þetta, hugsanlega þurfum við reglugerð um þetta og skylda félög til að leggja til fulltrúa í stjórn Héraðssambandsins eftir einhverju fyrir fram ákveðnu kerfi. Það er kannski ekki gott að þurfa að gera slíkt en eins og staðan er í dag fer það að verða nauðsynlegt til að hægt sé að manna stjórn Héraðssambandsins. Þegar þessi orð eru rituð eru fjórir dagar í ársþing og ég er ekki viss hverjir gefa kost á sér til að fylla

pau sæti sem eru að losna í stjórn Héraðssambandsins, því miður er þetta ekki neitt eins dæmi, fólk finnur fyrir skyldurækni og svarar því til að ef finnst enginn annar þá máttu tala við mig. Þannig var þetta á síðasta þingi að þegar ég mætti á þing þá hitti ég fyrir mann sem átti að verða næsti formaður en hann hafði lítinn áhuga en hafði sagt *ef þið finnið engan annan*. Hann slapp þó, ég var meira tilbúinn að taka verkið að mér heldur en hann. Því miður er það of oft þannig að í stjórnnum félaga og sambanda situr fólk sem er þar vegna þess að það fannst enginn annar og það er þetta fólk sem er situr í mörgum mismunandi stólum á sama tíma vegna skyldurækni. Þessir aðilar brenna félagsmálakertið sitt hratt upp og hætta allri aðkomu að félagsmálum. Þetta er samt fólkið sem við þurfum að hafa innan okkar banda, en okkur hinum ber að gæta þess að þau brenni ekki of snemma út vegna of mikil álags sökum skyldurækni.



Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2022-2023

Stjórn

Formaður:	Jón Sverrir Sigtryggsson
Varaformaður:	Sigfús Hilmi Jónsson
Ritari:	Anna María Ólafsdóttir
Gjaldkeri:	Garðar Héðinsson
Meðstjórnandi:	Jónas Halldór Friðriksson
Varamenn í stjórn:	Sigurlína Tryggvadóttir Dagbjört Aradóttir

Skoðunarmenn reikninga 2022

Gunnhildur Stefánsdóttir
Margrét Halla Lúðvíksdóttir
Til vara: Steinunn Ósk Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri: Gunnhildur Hinriksdóttir

Skýrsla stjórnar HSP 2022-2023

Árþing HSP 2022 var haldið í Sólvangi á Tjörnesi þann 12. mars. Þar voru mættir 42 fulltrúar frá 18 félögum, 6 félög sendu ekki fulltrúa á árþingið en alls áttu félögin rétt á að senda 51 fulltrúa skv. lagasamþykktum HSP frá 2021. Var þetta í fyrsta sinn sem félög sendu fulltrúa á þingið eftir nýju fyrirkomulagi á fjölda þingfulltrúa. Þingið var gott og sköpuðust góðar umræður í nefndarstörfum. Formaður UMFÍ og framkvæmdastjóri ÍSÍ fluttu erindi á þinginu varðandi íþróttahéruð og framtíð þeirra en hlutverk þeirra hafa svo sannarlega breyst frá stofnun snemma á síðustu öld. T.d. voru ekki til sérsambönd og þá var það héraðanna að halda mótin og byggja upp starfið. Tengt þessum erindum fór fram málefnavinna á þinginu þar sem fundarfélagi var skipt í hópa sem fengu það hlutverk að ræða og álykta um punkta sem lagðir voru fram. Það var ánægjulegt að sjá samhljóminn í nefndarfólki í þessum umræðum en í öllum hópum kom fram áhersla á meiri samvinnu og samstarf innan héraðs. Til að fylgja þessum niðurstöðum eftir liggur fyrir þessu þingi nú (2023) þingskjal um hvatningu til aðgerða þannig að þessar hugmyndir frá síðasta þingi sofnu ekki svefni sínum.

Á síðastliðnu árþingi urðu enn breytingar á aðildarfélögum HSP en tvö ný félög fengu staðfesta aðild sína að HSP: Íþróttafélagið Þingeyingur, stofnað 9. júní 2021 og Skot-íþróttafélag Norðurlands, stofnað 12. desember 2021. Eitt félag var skráð úr HSP, Golfklúbburinn Hvammur, og eru þá aðildarfélög HSP í heildina 30 talsins en sex þeirra eru algerlega óvirk og nær ekkert



Marinó hlaut Gullmerki HSP

starf í þremur til viðbótar. Þrátt fyrir það eigum við sem betur fer á mörgum stöðum enn öflugt fólk og sjálfbæðið sem hlutu heiðursmerki HSP fyrir störf sín. Þau Valgerður Sæmundsdóttir UMFL, Þorsteinn Ægir Egilsson UMFL, Gunnólfur Sveinsson SH og Gylfi Sigurðsson SH hlutu silfurmerki HSP og gullmerki HSP var veitt Marinó Eggertssyni GKG. Íþróttamaður ársins 2021 var kjörin Tamara Kaposi-Peto, blakkona úr Völsungi.

Nýkjörin stjórn hélt sinn fyrsta fund þann 31. mars 2022 og skipti með sér verkum. Nýkjörinn formaður, Jón Sverrir Sigtryggsson lagði til að stjórnarmenn héldu hlutverkum sínum frá fyrra ári og var Sigfús Hilmir Jónsson áfram varaformaður, Garðar Héðinsson gjaldkeri, Anna María Ólafsdóttir ritari og Jónas Halldór Friðriksson meðstjórnandi. Varamenn voru þær Sigurlína Tryggvadóttir og Dagbjört Aradóttir. Stjórnin hélt alls sex fundi á tímabilinu. Helstu verkefni á árinu tengdust m.a. nýju fyrirkomulagi skilakerfis starfsskýrsla til ÍSÍ og UMFÍ en nú skila öll félög sínum starfs-

skýrslum og ársreikningum í gegnum Sportabler. Þó svo að nokkuð einfalt hafi verið að skila í þessu nýja kerfi þá bauð það ekki upp á sömu yfirsýn fyrir héraðið og gamla skilakerfið og ekki hægt að kalla fram skýrslur á sama hátt og áður. Með nýju skilakerfi nýttu félögin e.t.v. tækifærið til að taka til í félaga- og iðkendatali sem breyttist nokkuð við síðustu skil.

Samhliða þessum breytingum á skilakerfi íþróttahreyfingarinnar var skráningar- og greiðslukerfið Nóri, sem nokkur félög innan HSP nýttu sér, lagt niður og Sportabler tók við. UMFÍ hafði til fárra ára greitt aðgang HSP að Nórakerfinu en nú eru breyttir tímar og allir notendur Sportabler þurfa að greiða fyrir aðganginn að því kerfi. Kerfið er í raun frábært til að halda utan um félaga og iðkendur, rukka æfingagjöld og fyrir samskipti milli þjálfara, foreldra og iðkenda svo eitthvað sé nefnt. HSP fékk tilboð í notkun á Sportabler fyrir félögin í heild, þannig væri mögulegt að ná betri samningum og lægri kostnað fyrir félögin heldur en ef hvert félag væri með sinn samning. Nokkur félög hafa þegar hafið notkun á Sportabler og liggur tillaga fyrir árþinginu varðandi kerfið.

Framkvæmdastjóri var í minnkuðu starfshlutfalli fram á mitt ár og var verkefnastjóri ráðinn inn til skamms tíma. Var þessum aðilum falið að kanna virkni aðildarfélaga HSP sem hafa ekki skilað neinu til sambandsins til nokkurs tíma né haldið aðalfundi. Var þeim boðin aðstoð til að halda aðalfundi en að öðru leyti voru þau aðvöruð skv. 19. gr. laga HSP um að stjórn hygðist leggja fram tillögu þess efnis að skrá þau úr sambandinu á næsta [þessu] árþingi. Samhliða þessu verkefni var ákveðið að leggja til lagabreytingar á þinginu nú varðandi inngöngu og skyldur félaga, virkni og skráningu úr HSP. Íþróttahreyfingin í heild sinni hefur velt því upp hvað teljist virkt félag. Við þekkjum öll að félög hafa mismikið starf og fer það bæði eftir stjórn félagsins og samfélaginu sem við búum í. Því miður hefur borið nokkuð á því að aðalfundir félaga eru ekki haldnir en þeir eru æðsta vald félaganna og mikilvægir til þess að gefa félögum kost á að hafa áhrif á starfið. Aðild að íþróttahreyfingunni á að vera einföld, en jafnframt er óþarfi að í íþróttahreyfingunni séu félög sem hafa ekkert starf og halda ekki aðalfundi. Með lagabreytingunum nú er verið að reyna að liðka fyrir því að

Mæting stjórnarmanna á stjórnarfundi

	31.03.2022	30.05.2022	29.09.2022	05.12.2022	09.01.2023	13.02.2023
Jón Sverrir Sigtryggsson	X	X	X	X	X	X
Sigfús Hilmir Jónsson	X	X	X		X	
Garðar Héðinsson	X	X	X	X	X	X
Anna María Ólafsdóttir						
Jónas Halldór Friðriksson	X		X		X	X
Sigurlína Tryggvadóttir				X	X	
Dagbjört Aradóttir			X	X	X	X
Gunnhildur Hinriksdóttir	x	x	x	x	x	x



skrá félög í og úr HSP, því við viljum auðvitað hafa fjölbreytt íþróttastarf og lifandi flóru íþróttafélaga en ekki draugafélög. Félög sem einhverra hluta vegna hætta starfi (halda aðalfundi) eiga að eiga greiða leið inn aftur þegar starfið ris á ný.

Framkvæmdastjóri sat sambandsráðsfund UMFÍ á Höfn í haust. Ljóst er að breyta þarf úthlutunarreglum lottósins nú þegar fleiri íþróttabandalög gerast sambandsaðilar að UMFÍ og samræma úthlutanir ÍSÍ og UMFÍ. Einnig er í umræðunni verkefni og hlutverk íþróttahéraða og eru nefndir starfandi hjá ÍSÍ og UMFÍ varðandi þessi mál. Á formannafundi ÍSÍ sem formaður og framkvæmdastjóri sátu var kynnt ný heildstæð viðbragðsáætlun fyrir íþróttahreyfinguna og æskulýðsfélög. Þetta er ákaflega ítarlegt og viðamikil skjal og verkfærakista fyrir starfsfólk, stjórnir og sjálfbóðaliða þar sem viðbrögð við ýmis konar atvikum eru samræmd fyrir alla aðila. Viðbragðsáætlunina má finna á www.samskiptaradgjafi.is/verkfærakista og er ætlað að vera lifandi plagg.

Af öðrum málum sem sýslað var við á árinu þá óskaði HSP eftir því við Norðurþing að vera í samstarfi við sveitarfélagið vegna fyrirlesturs sem þeir voru að fá inn á svæðið og hentaði vel fyrir þjálfara yngri barna. Því miður var þetta ekki auglýst vel af okkar hálfu en það hefði verið gaman að fá þjálfara af öllu svæðinu til að hittast. Stjórn HSP barst

bréf frá Persónuvernd vegna kvörtunar um vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd gerði ekki athugasemdir við vinnslu upplýsinganna enda bæði vinnsluheimildir og lagað fyrir þeim. Ósk kom til HSP að lesa yfir ársreikninga aðildarfélags sem ekki höfðu verið samþykktir fyrir aðalfund. Ekkert athugavert kom í ljós og hafa þeir nú verið samþykktir.

Framtíðin á eftir að innihalda breytingar fyrir íþróttahéruðin og íþróttafélögin. Þrátt fyrir landlæga lægð varðandi sjálfbóðastarf þá finnum við fyrir krafti í aðildarfélagum okkar og náum vonandi að styðja og styrkja starf þeirra sem best svo allir geti verið stoltir af.

F.h. stjórnar,

Jón Sverrir Sigtryggsson, formaður

Íþróttamaður HSP 2021
Tamara Kaposi-Peto





Héraðssamband Þingeyinga

Ársreikningur 2022

Áritun stjórnar HSB

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2022. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2022 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2022 ásamt skýringum. Undirrituð, fyrir hönd stjórnar Héraðssambands Þingeyinga, staðfestum hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022.

Í febrúar 2023,

Stjórn HSB

Jón Sverrir Sigtryggsson [sign]

Sigfús Hilmar Jónsson [sign]

Garðar Héðinsson [sign]

Anna María Ólafsdóttir [sign]

Jónas Friðrik Halldórsson [sign]

Jón S. Sigtryggsson
Garðar Héðinsson

Framkvæmdastjóri

Gunnhildur Hinriksdóttir [sign]

Gunnhildur H.

Áritun skoðunarmanna

Undirritaðar, skoðunarmenn Héraðssambands Þingeyinga, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2022. Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Mýratnssveit 16.02.2023

Staður og dagsætning

Gunnhildur Stefánsdóttir

Margrét Halla Lúðvicksdóttir

Rekstrarreikningur 2022

Rekstrartekjur		2022	Áætlun 2022	2021
Framlög og styrkir	1	19.729.540	16.491.760	19.349.136
Aðrar tekjur	2	1.592.500	1.140.000	1.556.000
		21.322.040	17.631.760	20.905.136

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	3	3.738.875	5.000.000	3.664.963
Laun og launat.gj. Æfum alla ævi		-	-	-
Styrkir til félaga	4	11.173.512	9.000.000	11.136.440
Kostnaður v/mótahalds	5	103.900	100.000	90.000
Áhöld, tæki, búningar	6	-	50.000	-
Þátttaka í mótum	7	68.234	250.000	-
Húsaleiga / rekstur mannvirkja	8	50.360	120.000	120.000
Rekstur skrifstofu	9	1.551.939	1.900.000	1.088.395
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	10	1.239.095	1.600.000	1.948.398
Önnur gjöld	11	88.557	200.000	14.243
		18.014.472	18.220.000	18.062.439
Hag/Tap án fjármagnsliða		3.307.568	- 588.240	2.842.697

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur		370.725	50.000	34.011
Vaxtagjöld		-	- 15.000	- 567
		370.725	35.000	33.444
Hag/Tap ársins		3.678.293	- 553.240	2.876.141

Efnahagsreikningur 2022

Eignir		2022	2021
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	12	1.484.279	1.484.279
		1.484.279	1.484.279
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.315.759	2.443.481
Vörubirgðir		1.320.663	1.375.397
Handbært fé		21.144.757	15.924.028
		23.781.179	19.742.906
Eignir samtals		25.265.458	21.227.185
Eigið fé og skuldir			
Óráðst. eigið fé 01.01.		15.418.580	12.542.439
Hag /Tap ársins		3.678.293	2.876.141
		19.096.873	15.418.580
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		154.101	133.939
Ógreitt LOTTÓ til félaga		5.861.850	5.607.236
Ógreitt v/starfsfóks		152.634	67.430
		6.168.585	5.808.605
Skuldir og eigið fé samtals		25.265.458	21.227.185

Skýringar		2022	Áætlun 22	2021
Rekstrartekjur				
1 Framlög og styrkir				
Lottó ÍSÍ og UMFÍ		14.921.414	12.000.000	14.749.284
Áhættasala 1x2		267.899	150.000	167.486
Rekstrarstyrkir frá Sveitarfélögum		3.409.280	3.381.760	3.108.480
Útbreiðslustyrkur		965.414	650.000	773.886
Ferðastyrkir		55.533	-	-
Styrkir v. ULM		110.000	200.000	40.000
Styrkir ýmis fyrirtæki			110.000	110.000
Styrkir v. Æfjum alla ævi			-	400.000
		19.729.540	16.491.760	19.349.136
2 Aðrar tekjur				
Skattar félaga		1.418.500	1.100.000	1.432.000
Leiga HSB tjaldi		170.000	40.000	120.000
Sala búninga		4.000	-	-
Sala HSB vörur (bækur o.p.h.)			-	4.000
Tekjur v. Æfingabúða, námsk. ofl.			-	-
		1.592.500	1.140.000	1.556.000
Rekstrargjöld				
3 Laun og launatengd gjöld				
Laun		2.999.695		2.912.672
Tryggingagjald		220.282		207.946
Lífeyrissjóður		402.418		393.213
Orlofs- og sjúkrasjóður		49.490		48.062
Aðrir bifreiðastyrkir		66.990		103.070
		3.738.875	5.000.000	3.664.963
4 Styrkir til félaga				
Lottó		11.173.512	9.000.000	11.136.440
Ferðastyrkir				-
		11.173.512	9.000.000	11.136.440
5 Kostnaður v/mótahalds				
Ásbyrgismót		103.900	100.000	90.000
		103.900	100.000	90.000
6 Áhöld, tæki og búningar				
Búningar		-		-
HSB - kerra		-		-
		-	50.000	-
7 Þátttaka í mótum				
Þátttökukostn. ULM		52.000	200.000	-
Ýmis kostnaður v. ULM		16.234	50.000	-
		68.234	250.000	-
8 Húsaleiga / rekstur mannvirkja				
Húsaleiga skrifstofa Laugar		50.360	120.000	120.000
		50.360	120.000	120.000

9 Rekstur skrifstofu			
Sími	26.220	30.000	24.390
Ritföng	18.298	20.000	14.795
Prentun	85.436		112.344
Póstkostnaður	33		-
Funda- og þingkostnaður	670.155	650.000	440.040
Ferðakostnaður stjórnar		100.000	-
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSÍ	104.910	400.000	75.908
Kaffikostnaður og risna	2.380		
Gjafir til starfsmanna o.fl.			
Tölvukostnaður	228.194	200.000	12.598
Annar skrifstofukostnaður / auglýsingar	11.795		59.250
Bókhald og endurskoðun	286.780	350.000	235.584
Auglýsingakostnaður	117.738	150.000	113.486
	1.551.939	1.900.000	1.088.395
10 Kynning, fræðsla, útbreiðsla			
Námskeiðskostn. og fræðsluefni			-
Fræðslusjóður			-
Ferðakostnaður vinnamskeiða			311.588
Æfjum alla ævi			
Afteksmannasjóður			
Aksturssjóður			
Styrkir Frjálsíþr. ráð	300.000	300.000	300.000
Verkefna- og styrktarsjóður HSB	939.095	1.000.000	1.324.810
Annar fræðslu- og útbreiðslukostn.	-	300.000	12.000
	1.239.095	1.600.000	1.948.398
11 Önnur gjöld			
Þjónustugjöld VISA/EURO	2.010		200
Þjónustugjöld banka	1.909		2.567
Fjármagnstekjuskattur - greiddur	80.638		7.476
Breyting vörubrigða	4.000		4.000
	88.557	200.000	14.243
12 Áhöld og tæki			
Tjald - Ábaldeld	53.261		53.261
Skrifstofubúnaður - ábaldeld	526.934		526.934
Skrifstofuhúsgögn - Ábaldeld	23.016		23.016
Tímataktutæki - Ábaldeld	611.068		611.068
Yfirbyggð kerra - Ábaldeld	270.000		270.000
	1.484.279		1.484.279
Vöskiptakröfur			
Inneign hjá félögum/UMFÍ/ÍSÍ	1.315.759		2.443.481
	1.315.759		2.443.481
Vörubrigðir			
Vörur	1.375.397		1.391.397
Brigðabreyting	- 54.734	-	16.000
	1.320.663		1.375.397
Handbært fé			
Sjóður ábaldeld			-
1110-26-252	4.036.880		8.088.292
1110-15-201082 - Varasjóður	17.107.877		7.835.736
	21.144.757		15.924.028

Frjálsþróttafélag HSP kt. 640409-0610

Rekstrarreikningur 2022			Efnahagsreikningur 2022			Skýringar		
	2022	2021		2022	2021		2022	2021
Tekjur			Eignir			1 Ferðastíð	47.278	54.020
Framlög og styrkir	Skýr.		Fastafjármunir	kr.	kr.	Styrkir HSP	300.000	300.000
Tekjur af mótum	1	427.278	354.020	0	0	Styrkir UMFI	80.000	
Aðrar tekjur	2	384.000	411.000			2 Þáttgjöld	384.000	411.000
	3	240.960	935.109			3 Æfingagjöld	135.960	903.609
Samtals	1.052.238	1.700.129	Vörubirgðir	17.892	17.892	Tekjur v/æf. búða, námsk. Ofi.	105.000	31.500
			Útistandandi æf. gjöld	0	35.322	4 Verktakagreiðslur þjálfara	234.570	773.949
Gjöld			Styrkur UMFI v. æfingabúða	80.000		Greiðslur v. Móta og æfingabúða	210.000	
Verktakagreiðslur þjálfara	4	444.570	773.949			5 Þrótaahöld	122.450	132.000
Áhöld og tæki	5		39.164			6 Þátttökgjöld	69.500	118.750
Þátttaka í mótum	6	122.450	132.000			7 Verðlaunapeningar	4.417	1.990
Kostnaður v/ mótahalds	7	73.917	120.740			Annar mótah. kostn. (skot o.p.h.)	1.690	2.240
Rekstur v/ yfirstjórnar	8	1.690	2.240			8 Þóstkostnaður	216.285	0
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	9	216.285	0			9 Æfingabúðir -matur/gjsting/húsal	1.530	
Önnur gjöld	10	91.000	122.530			10 Þjónustugjöld banka	91.000	121.000
Samtals	949.912	1.190.623				lökendagjöld FRI		
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	102.326	509.506	Skuldir og eigið fé					
			Óráðstafað eigið fé þann 1.1.	1.888.639	1.378.058			
			Hagnaður (tap) ársins	108.725	510.581			
			Samtals eigið fé	1.997.364	1.888.639			
Fjármagnsliðir			Skammtímaskuldir					
Vaxtatekjur	8.204	1.377	Víðskiptaskuldir (ógr-gjöld)	50.267	7.500			
Vaxtagjöld	1.805	302	Samtals skuldir og eigið fé	2.047.631	1.896.139			
	6.399	1.075						
Samtals								
Hagnaður (tap) ársins:	108.725	510.581						

8.2.23 Samhildur Hinkul.
Tadde

Hef farið yfir
reikninga og
tel þá rétta
Laugun 8/2 '23
Gfingvins.

Skýrslur ráða, nefnda og sjóða

Engar nefndir voru starfandi á árinu 2022 en frjálsíþróttakrakkar kepptu saman undir merkjum HSP og HSP studdi þátt-takendur til keppni á Unglingalandsmóti UMFÍ.

Frjálsíþróttaráð HSP

Frjálsíþróttaráðið var nokkuð rólegt. Fyrsta mótið sem frjáls-íþróttaiðkendur frá HSP tóku þátt í á árinu var Akureyrarmót UFA og Norðlenska í apríl þar sem þrír tóku þátt í þrauta-braut 9 ára og yngri og tveir í hefðbundnum greinum með persónulegum bætingum. Sumarleikar HSP voru haldnir á Laugum 2.-3. júlí með um 140 keppendum. Það var gríðar-lega ánægjulegt að sjá flotta þátttöku krakka af sambands-svæði HSP í fjórþraut 9 ára og yngri en þar mættu 20 frískir krakkar en alls voru 45 skráningar í fjórþrautina. Fimmtán voru skráð í hefðbundnar greinar og voru 23 bætingar skráðar skv. mótaforriti FRÍ og náðust 23 verðlaun.

Mí 11-14 ára var haldið á Akureyri 9.-19. júlí og voru átta iðkendur skráðir til leiks þar. Mí var með breyttu sniði þar sem 11 og 12 ára krakkar voru skráð í fjölþrautarkeppni á meðan 13 og 14 ára kepptu á hefðbundinn hátt en fleiri greinum hefur verið bætt við í keppni 13 og 14 ára. Fjörutíu og fjórar bætingar voru skráðar í mótaforritið og náði 12 ára flokkur pílta 2. sæti í stigakeppni félagsliða. Munaði þar e.t.v. mest um Mikael Davíð Einarsson sem náði bestum árangri 12 ára pílta í 60m og langstökki og 2. besta árangrinum í 400m, hástökki og spjótkesti og varð þannig í 2. sæti í fjöl-þrautarkeppni 12 ára pílta.

Sjö keppendur tóku þátt í frjálsíþróttagreinum á Unglinga-landsmóti UMFÍ og átti Sigurður Arnfjörð Bjarnason glæsilegt mót og sópaði til sín þrennum gull- og einum silfurverð-launum en þó var hann að keppa í fyrsta skipti. Allir bættu sinn besta árangur í einhverri grein.

Lokamót sumarsins var svo Akureyrarmót UFA þar sem 5 tóku þátt í þrautabaut 9 ára og yngri og 3 í hefðbundnum greinum. Veðrið (vindur og rigning) var ekki að vinna með neinum á mótinu en þrátt fyrir það náðust a.m.k. 2 bætingar. Einn öldungur keppti svo á Mí Öldunga á Sauðárkróki 27.-28. ágúst með ágætis árangri og gulli í sínum greinum.



Framtíðarfólk í frjálsum
Valtýr, Þórveig, Hallveig, Leifur og Emma

Eitt innanhússmót var svo tekið á Akureyri í desember, þar voru 10 skráðir auk 2 í þrautabaut 9 ára og yngri en veikindi trufluðu þátttöku margra og urðu helmingsafföll. Þau sem náðu þó að keppa stóðu sig vel og voru að bæta árangur sinn.

Sólarhringsæfingabúðir í frjálsíþróttum voru endurvaktar og haldnar á Þórshöfn 18.-19. nóvember. Selmdís Þráinsdóttir, Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson og Gunnhildur Hinriksdóttir sáu um búðirnar frá A-Ö má segja, en fengu góða hjálp frá stjórnarfólki UMFL og foreldrum. Alls voru 38 krakkar sem tóku þátt og var mikil gleði og gaman. Engin innanhússmót voru haldin á sambandssvæði HSP á árinu.



Þátttakendur í sólar-
hringsæfingabúðum á
Þórshöfn í nóv.

Unglingalandsmót UMFÍ

Eftir að hafa verið frestað í tvígang var Unglingalandsmót UMFÍ lokins haldið á Selfossi dagana 29.-31. júlí. Það var fámennnt en harðsnúið lið sem mætti undir merkjum HSP á landsmótið. Miklar rigningar á Suðurlandi dagana fyrir landsmót urðu til þess að mótshaldarar ákváðu að afleggja allar svæðismerkingar íþróttahéraðanna á tjaldsvæðinu vegna bleytu. Þannig valdi hver og einn sitt stæði, óháð sambandsaðild. Við HSP-liðar náðum þó að krunka okkur saman og tjölduðum í nálægð við hvert annað. Litla samkomutjald HSP var skilið eftir heima enda aðeins 12 skráðir keppendur frá HSP.

Uppskera okkar 12 krakka var frábær en þau tóku þátt í fjölbreyttum greinum eins og frjálsíþróttum, fótbolta, strandblaki, strandhandbolta, stafsetningu, upplestri, borðtennis, pílukasti og kókuskreytingum. Þannig fengum við nokkra unglingalandsmótsmeistara en Hjörvar Þór Hnikarsson vann borðtennis 11-12 ára drengja, Sigurður Arnfjörð Bjarnason vann 60m grindahlaup, langstökk og þristökk 12 ára drengja, Hafþór Höskuldsson vann League of Legends rafíþróttakeppni 14-18 ára drengja og Arney Dagmar Sigurbjörnsdóttir og Eyhildur Ragnarsdóttir unnu strandblak 17-18 ára stúlkna. Fleiri verðlaun komu í hús þó þau verði ekki upptalin hér og vonandi er ekki verið að gleyma neinu. Það sem mestu skiptir þó er ánægjan og gleðin sem fylgir því að



fylgja þessum þátttakendum og njóta samvista við fjölskyldur og félagi á frábærum viðburði.

Fulltrúar HSP komu að þessu sinni frá Völsungi, Eflingu, Magna og Bjarma og báru þau heiður HSP. Fegurðin við Unglingalandsmót UMFÍ liggur þó einnig í því að allir eru velkomnir að taka þátt, óháð því hvort viðkomandi er félagsmaður eða iðkandi hjá íþróttafélagi. Það er meira að segja hægt að skrá sig sem einstakling til þátttöku í hópíþrótt s.s. knattspyrnu, en þá er viðkomandi bætt í lið með öðrum sem vantar liðsmann. Þannig myndast oft vinskapur meðal krakka víðs vegar af landinu sem jafnvel hafa síðan að ári skráð sig saman í lið. Unglingalandsmótið er nefnilega fyrir alla og vonumst við til þess að sjá fleiri andlit af sambandssvæði HSP á næsta unglingalandsmóti sem verður á Sauðárkróki 2023.

Verkefna- og styrktarsjóður HSP 2022

Úthlutað var úr sjóðunum tvívegis á árinu skv. reglugerð. Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla íþrótt- og félagsstarf á sambandssvæði Héraðssambands Þingeyinga. Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja: íþróttafólk sem hefur hæfileika og getu til þess að ná langt í sinni íþróttagrein; félagsmenn (iðkendur, þjálfara, starfsfólk og stjórnar fólk) til þátttöku í fræðslunámskeiðum, ráðstefnum eða fundum sem er íþróttalífi og félagsstarfi í héraði til bóta; fræðsluerindi innan héraðs fyrir iðkendur, þjálfara, dómara eða sjálfbóðaliða; ferðakostnað einstaklinga vegna æfinga og keppni innanlands og erlendis; og nýjungar og sérstök verkefni.

Tekjur sjóðsins á árinu vegna lottó námu kr. 747.700 og gerði fjárhagsáætlun ráð fyrir úthlutun upp á kr. 1.000.000. . Alls bárust 13 umsóknir í fyrri úthlutun sjóðsins, þrjár vegna þjálfaramenntunar fjögurra þjálfara og tíu vegna ferðakostnaðar á æfingar, mót og æfingaferð. Sjóðsstjórn ákvað að umsóknir um styrki til aksturs á æfingar hjá félögum sem ekki eru hluti af íþróttahreyfingunni séu ekki

styrktar og að veggjald yrði ekki styrkt. Viðmiðunargjald vegna aksturs á æfingar var áfram kr. 28 per km. Heildarúthlutun á tímabilinu nam kr. 512.981 og voru umsóknir styrktar um 33% af kostnaði. Styrkir vegna þjálfaramenntunar námu um 7,5% af heildarúthlutun og ferðakostnaður um 92,5%.

Fyrir seinni úthlutun bárust 11 umsóknir, fimm vegna landsliðsferða, fjórar vegna ferðakostnaðar (akstur á æfingar og mót) og tvær vegna nýjunga eða sérstakra verkefna. Sjóðsstjórn samþykkti að styrkja landsliðsverkefni um kr. 40.000 per ferð og að styrkja akstursverkefni um 45% af kostnaði forsendur sjóðsstjórnar. Ein umsókn hlaut viljrði fyrir styrk sem verður greiddur að loknu verkefninu Heildarúthlutun á tímabilinu nam kr. 501.114. Styrkir vegna landsliðsverkefna námu 48% af heildarúthlutun, ferðakostnaður var 37% og nýjungar og sérstök verkefni voru 15% af úthlutuðum heildarstyrkjum .

Úthlutanir verkefna- og styrktarsjóðs 2022

<i>Verkefni - júní 2022</i>	<i>Félag</i>	<i>Upphæð</i>	<i>Verkefni - desember 2022</i>	<i>Félag</i>	<i>Upphæð</i>
Þjálfaranámskeið	Völs	8.379	Akstur á æfingar Þórshöfn	UMFL	59.056
Þjálfaranámskeið	Völs	8.379	Landsliðsferði í blaki U17	Völs	40.000
Golfæfingar vetrarstarf	Gk. Hús.	99.000	Landsliðsferði í blaki U17	Völs	40.000
Ferðakostnaður æfingar Þórshöfn	UMFL	49.499	Akstur (fimleikar, Reykjav. -Ak)	Mýv	21.848
Akstur (taekwondo, Raufarh.-Hús)	Völs	100.901	Landsliðsferði í blaki U17	Völs	80.000
Akstur (fótbolti, Bárðard-Ak)	Ein	68.006	Gönguskíðanámskeið	Mýv	75.000
Akstur á reiðnámskeið	Austri	7.540	Akstur (taekwondo, Kópask.-Hús)	ÍFÞ	67.410
Akstur (taekwondo, Kópask.-Hús)	ÍFÞ	55.440	Akstur (fimleikar, Reykjav. -Ak)	Mýv	37.800
Akstur (fimleikar, Reykjav. -Ak)	Mýv	80.529	Landsliðsferði í blaki U17	Völs	40.000
Ferðakostnaður Skíðakeppni	Mýv	7.651	Landsliðsferði í blaki U17	Völs	40.000
Þjálfaramenntun	Mýv	21.780			
Ferðakostnaður Skíðakeppni	Mýv	5.877			


Lottógreiðslur til aðildarféлага vegna ársins 2022

	Mæting á þing 2022	# lökanir 6-17 ára 2022	# Félagar 18+ 2022	Þingfulltrúar 15% 1.682.327	lök. 6-17 ára 70% 7.850.858	Fél. 18+ 15% 1.682.327	Samtals Lottó 11.215.512	Skattur Til HSP
Akstursíþróttafélag Mývatnssv.	0/1	1	41	0	0	0	0	20.500
Golfklúbbur Húsavíkur	2/2	30	119	80.111	290.414	73.198	443.723	59.500
Golfklúbbur Mývatnssveitar	1/1	0	11	40.055	0	6.766	46.822	5.500
Golfklúbburinn Gljúfri	1/1	0	11	40.055	0	6.766	46.822	5.500
Golfklúbburinn Lundur	0/1	0	36	0	0	0	0	18.000
Hestamannafélagið Feykir	1/1	6	49	40.055	58.083	30.140	128.279	24.500
Hestamannafélagið Grani	2/2	70	66	80.111	677.633	40.597	798.341	33.000
Hestamannafélagið Snæfaxi	1/1	21	65	40.055	203.290	39.982	283.327	32.500
Hestamannafélagið Þjálf	1/3	34	104	40.055	329.136	63.971	433.163	52.000
Íþróttafélagið Magni	3/4	42	210	120.166	406.580	129.173	655.919	105.000
Íþróttafélagið Völsungur	9/9	289	1155	360.499	2.797.655	710.452	3.868.606	577.500
Íþróttafélagið Þingeyingur	1/0	48	41	40.055	464.662	25.220	529.937	20.500
Mývetningur íþrótt og ung.	4/4	39	155	160.222	377.538	95.342	633.102	77.500
Skákfélagið Goðinn	1/1	3	64	40.055	29.041	39.367	108.464	32.000
Skotfélag Húsavíkur	2/2	0	106	80.111	0	65.202	145.312	53.000
Skotfélag Þórshafnar og	0/1	0	25	0	0	0	0	12.500
Skotíþróttafélag Norðurlands	0/0	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Austri	1/1	21	37	40.055	203.290	22.759	266.104	18.500
Umf. Bjarmi	3/3	20	89	120.166	193.609	54.745	368.520	44.500
Umf. Efling	4/5	89	133	160.222	861.562	81.810	1.103.593	66.500
Umf. Einingin	1/1	9	59	40.055	87.124	36.292	163.471	29.500
Umf. Geisli	0/1	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Langnesinga	4/5	90	261	160.222	871.242	160.544	1.192.007	130.500
Umf. Leifur Heppni	0/1	0	0	0	0	0	0	0

Fimm félög (Aksturíþróttafélagið, Gk. Lundur, Skotfélag Þórshafnar og nágr., Geisli og Leifur heppni sendu ekki fulltrúa á ársþingið 2022 og fengu því ekki úthlutun á árinu. Þá skiluðu Umf. Geisli og Leifur heppni ekki tölum í skilakerfi ÍSÍ. Skotíþróttafélag Norðurlands var stofnað undir árslok 2021, starfið var því ekki hafið.

Þróun iðkendafjölda innan HSB

Í undanförunum ársskýrslum hefur verið yfirlit yfir þróun iðkendafjölda í einstökum íþróttagreinum innan HSP sem og iðkendafjölda hvers aðildarfélags fyrir sig. Með nýju skilakerfi hefur íþróttahreyfingin nýtt tækifærið og lagað til í iðkendatali hjá sér, deildir félaga sem áður var að finna í Felix er ekki í nýju skilakerfi sem bendir til að þróun hafi átt sér stað. Þá hefur allt starf sem áður tilheyrði aðeins UMFÍ s.s. bridds, leiklist og skógrægt verið sett saman undir einn hatt í skilakerfinu. Einnhver lægð varð í fjölda iðkana í covid og ljóst að ekki hafa allir skilað sér aftur út í starfið, á það einna helst við um fullorðna iðkendur en viðbúið að slíkt eigi líka við um unglinga. Vegna nýs starfsskýrslukerfis er e.t.v. ekki hægt að bera iðkendatölur saman milli ára að öllu leyti. Þá eru upplýsingar sem skrifstofa HSP hefur vegna nýs skilakerfis mun takmarkaðri í þessari fyrstu útgáfu m.v. áður. Myndin hér að neðan tekur aðeins tillit til þeirra íþróttagreina sem skil náðu til vegna ársins 2021. Á myndinni má glögg sjá fækkun iðkenda, sem að sumu leyti skýrist af fækkun deilda í nýju skilakerfi.



Aðildarfélag Héraðssambands Þingeyinga 2022

Virk aðildarfélög:	Formaður um áramót 2022/23	1X2	Óvirk aðildarfélög:
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	Júlíus Björnsson		Umf. Afturelding
Golfklúbbur Húsavíkur	Birna Ásgeirsdóttir	641	Umf. og íf. Bakkaftarðar
Golfklúbbur Mývatnssveitar	Kristján Stefánsson	662	Umf. Gaman og Alvara
Golfklúbburinn Gljúfri	Haukur Marinósson		Umf. Snörtur
Golfklúbburinn Lundur	Pétur Gunnar Ringsted		Umf. Tjörnesinga
Hestamannafélagið Feykir	Baldur Stefánsson		Umf. Öxfirðinga
Hestamannafélagið Grani	Stefán Haraldsson		
Hestamannafélagið Snæfaxi	Jóhannes Sigfússon		
Hestamannafélagið Þjálfí	Helga Sigurbjörg S. Heide		
Íþróttafélagið Magni	Hjörtur Geir Heimisson	610	
Íþróttafélagið Völsungur	Davíð Þórólfsson	640	
Íþróttafélagið Þingeyingur	Róbert Karl Boulter		
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag	Héðinn Björnsson	661	
Skákfélagið Goðinn	Hermann Aðalsteinsson		
Skotfélag Húsavíkur	Garðar Héðinsson		
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis	Rúnar Þór Konráðsson		
Skotíþróttafélag Norðurlands	Kristján R. Arnarson		
Ungmennafélagið Austri	Birna Björnsdóttir	675	
Ungmennafélagið Bjarmi	Birna Davíðsdóttir	636	
Ungmennafélagið Efling	Aðalbjörn Jóhannsson	650	
Ungmennafélagið Einingin	Sigurlína Tryggvadóttir	642	
Ungmennafélagið Geisli	Árni Garðar Helgason		
Ungmennafélag Langnesinga	Valgerður Sæmundsdóttir	680	
Ungmennafélagið Leifur heppni	Salbjörg Matthíasdóttir	671	

Akstursípróttafélag Mývatnssveitar

Árið 2022 sátu Júlíus Björnsson formaður, Hallgrímur Leifsson ritari og Yngvi Kristjánsson gjaldkeri í stjórn, og hélst sú stjórn óbreytt og mun starfa saman árið 2023.

Í mars 2022 héldum við í AMS snocross mótið okkar sem er orðinn árlegt mót hjá okkur og er hluti af Íslandsmeistararótaröð hjá MSÍ, og er mótið eins og árið 2021 hluti af Vetrarhátíðinni við Mývatn.

Mótið gekk mjög vel og voru keppendur hátt í 40 talsins og gekk allt stórslysalaust. Veðrið lék við okkur, og voru allir keppendur ánægðir með mótið. Talið er að áhorfendur hafi verið milli 3 og 400. Árið 2023 er stefnt að því að halda mót 10. mars í Kröflu og verður það í samstarfi við Vetrarhátíðina og verður það hluti af Íslandsmeistararótaröðinni.

Stjórn Akstursípróttafélags Mývatnssveitar



Golfklúbbur Húsavíkur

Stjórn Golfklúbbs Húsavíkur árið 2022 skipuðu: Birna Ásgeirsdóttir formaður, Karl Hannes Sigurðsson varaformaður, Sigurgeir Höskuldsson gjaldkeri, Kiddý Hörn Ásgeirsdóttir ritari og Jón Elvar Steindórsson. Varamenn í stjórn eru Birna Dögg Magnúsdóttir og Davíð Helgi Davíðsson.



Golfárið 2022 var ágætt en ekkert í líkingu við 2021. Katla-völlur kom mjög vel undan vetri og var opnaður í síðari hluta maí mánaðar. Aðsókn var ágæt en mikið er um ferðamenn sem koma við hjá okkur að spila okkar fallega völl.

Eins og í flestum litlum klúbbum er unnið óeigingjarnt starf og er það engin undantekning innan GH. Klúbburinn hefur verið með fasta starfsmenn yfir sumartímann til að sinna viðhaldi og umhirðu á vellinum. Sigurður Hreinsson hefur gegnt starfi vallarstjóra undanfarin ár með miklum sóma en 3 aðrir starfsmenn voru með honum í sumar ásamt krökkum úr bæjarvinnunni.

Ný vatnslögn var lögð inn að 5. flöt og settir þar sprinklarar ásamt rafmagnslokum/kranar og jarðstrengur lagður að flötinni. Einnig var landi breytt lítilsháttar í kringum 5. flöt. Skipt var um loka/krana og settir niður nýir rafstýrðir lokar/kranar við allar flatir nema 9. flöt. Kör voru fjarlægð og

settir nýir kassar í staðinn við 1., 2. og 3. flöt. Byrjað var á framkvæmdum á rauðum teig á 4. braut haustið 2021 og lokið við hann síðast liðið vor.

Hjónin Jón Elvar Steindórsson og Anna Guðmundsdóttir sáu um rekstur skálans með miklum sóma síðasta sumar. Almenn ánægja ríkti hjá öllum sem komu við.

Sumarstarfið var með hefðbundnu sniði og haldin voru 8 mót á vellinum bæði innanfélags og opin mót og var þátttaka góð. Mikil áhersla hefur verið lögð á að reyna efla félagsandann innan klúbbsins sl. 2 ár og héldum við þrjú sam-eiginleg spilakvöld, kynjakvöld. Það gafst mjög vel og góð þátttaka var í öll skiptin.

Barnastarf var rekið með miklum myndarskap og voru um 30 krakkar sem tóku þátt í golfæfingum tvisvar sinnum í viku. Þjálfarar með PGA réttindi frá Golfklúbbi Akureyrar sáu um kennslu en GH hefur átt gott samstarf við GA.

Stjórnin fundaði sex sinnum á árinu. Töluverð vinna fór í leita að og fjölga styrktaraðilum ekki síst vegna framkvæmda hjá félaginu sem eru framundan. Megi þeir aðilar sem gengu til liðs við okkur hafa mikla þökk fyrir stuðninginn. Þetta gerir klúbbnum kleift að byggja upp meira og betra barna- og unglingastarf sem er jú framtíð klúbbsins.

Okkar stærsti styrktaraðili líðandi árs er sveitarfélagið Norðurþing eins og undanfarin ár. Einnig eru eftirfarandi: Íslandsbanki, Landsbankinn, Skóbúð Húsavíkur, GPG, Norðlenska, Síminn, Sögin, SAH, GeoSea, Grímur ehf, Gentle Giants, Fagmál, Framsýn, Fatahreinsun Húsavíkur og Foss-hótel. GH vill þakka þessum aðilum kærlega fyrir stuðninginn.

Sveitarfélagið lagði nýjan veg að nýjum golfskála síðasta sumar. Golfklúbburinn keypti einingahús af Belkod en einingarnar koma frá Svíþjóð. Byrjað var að reisa húsið í október en nú eru félagar í GH að vinna við að standsetja húsið innan. Allt er þetta unnið í sjálfböðavinnu sem er ómetanleg. Nýi skálinn er staðsettur í útjaðri Holtahverfis og er aðkoma að húsinu úr Holtahverfi. Þessi bygging mun breyta starfi golfklúbbsins til muna þar sem hægt verður að vera með starfsemi og golfiðkun allt árið. Það er mikill hugur í klúbbnum og við vonum að framtíðin sé björt fyrir golfiðkun á Húsavík.

Birna Ásgeirsdóttir, formaður



Golfklúbbur Mývatns- sveitar

Stjórn GKM árið 2022:

Formaður	Kristján Stefánsson
Gjaldkeri	Guðjón Vésteinsson
Ritari	Daníel Ellertsson
Varamenn	Hinrik Árni Bóasson, Ellert Hauksson

Aðrir embættismenn:

Form. vallarnefndar	Sigurður Baldursson
Form. mótanefndar	Ellert Hauksson
Form. forgj.nefndar	Kristján Stefánsson
Skoðunarmenn reikn.	Brynjólfur Steingrímsson, Egill Steingrímsson

Gestakomur á Krossdalsvöll þetta árið voru mikið færri en síðustu tvö ár og er það veðurfar sem spilar þar stærstan þátt, Íslendingar ferðast mest efir veðri og það var okkur ekki hagstætt. Völlurinn var ágætur en það þarf að fara að vinna talsvert í flötum en vinnufúsar hendur eru ekki á hverju strái og ekki útlit fyrir að það breytist.

Félagsstarf GKM 2022 var eiginlega ekkert og félagsmenn spiluðu lítið og engin mót voru haldin. Sumarstarfsmaður sá um slátt á brautum og grínum en sveitarfélagið sá um slátt á röffi og var völlurinn í þokkalegu standi þrátt fyrir allt. Félagafjöldi hefur heldur aukist en það eru félagar sem ekki eru búsettir í sveitinni en þurfa að vera í klúbbi, þetta kemur sér vel fyrir GKM en gerir lítið fyrir félagsstarfið á staðnum.

Kristján Stefánsson, formaður

Golfklúbburinn Gljúfri

Klúbburinn sá að venju um að slá völlinn í Ásbyrgi og voru það Marínó og Haukur og Jón Tryggvi sem sáu um það að mestu. Ekki var farið í stíga-gerð í þjóðgarðinum þannig að við héldum völlum óbreyttum frá fyrra ári. Lítil starfsemi var í klúbbum að öðru leyti, engin mót voru haldin og ekki náðist að halda aðalfund.

Í stjórn sátu áfram frá fyrra ári Haukur Marínósson formaður, Jón Grímsson gjaldkeri og Jón Tryggvi Helgason ritari.

Haukur Marínósson, formaður

Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2022 er þrettánda starfsár golfklúbbsins. Meginstarfssemi golfklúbbsins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfssemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar og veitingaskála er alveg á höndum landeigenda og þeirra félagi, Lundsgolf ehf. Golfklúbburinn Lundur hefur afnot af Lundsvelli og skálanum, en sér alfarið um öll golfmót sem haldin eru og kennslu félagsmanna í



samvinnu við Lundsgolf ehf. Áfram eru engar eignir skráðar á klúbbin og ekkert mannhald er á vegum klúbbsins.

Lundsvöllur kom mjög vel undan vetri og unnu landeigendur mikið í völlum til að koma honum í stand fyrir sumarið og má segja að hann hafi aldrei verið í svona góðu ástandi. Þetta var til þessa að aðsókn á völlum hefur aldrei verið meiri. Laugardaginn 04. júní opnaði síðan Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara.

Í lok sumars voru skráðir í golfklúbbin 45 félagsmenn, með fulla aðild og 34 með auka aðild Kynjahlutfall félaga er 27 konur og 52 karlar, engin börn eða unglingar undir 18 ára eru í klúbbum.

Mótahald á vegum GLF byrjaði 25 júní með okkar árlega Rafeyri vanur/óvanur, 9 holu texas scramble, í það mót skráðu sig 27 manns. 31. júlí var síðan okkar árlega Coca-Cola 9 holu punktakeppni, til leiks mættu 53 kylfingar sem er met þátttaka í golfmóti hjá okkur.

3. september var síðan okkar árlega meistaramót GLF, í ár var það spilað 18 holu högggleikur og punktakeppni með forgjöf. Meistari karla í högggleik varð Pétur Ringsted á 79 höggum. Meistari kvenna varð Halla Sif Svavarsdóttir á 89 höggum. Meistari í punktakeppni karla varð Guðmundur F Sigurðsson á 42 punktum og meistari kvenna varð Oddný Steinunn Kristinsdóttir á 30 punktum.

Mótahald sumarsins endaði síðan 11. september á Lopapeysumóti kvenna sem er 18 holu punktakeppni kvenna, sigurvegari mótsins á 34 punktum var Sara Sigurbjörnsdóttir úr Golfklúbbi Fjallabyggðar.

Stjórn klúbbsins telur eftirfarandi:

Formaður: Pétur Ringsted
Gjaldkeri: Bjarni Rúnar Sigurðsson
Ritari: Halla Sif Svavarsdóttir
Meðstjórnandi: Valdemar Örn Valsson
Meðstjórnandi: Kjartan Snorrason

Pétur Ringsted, formaður

Hestamannafélagið Feykir

Á Sólstöðuhátíð á Kópaskeri sá Feykir um að teyma undir börnum og reyndar allt upp í fullorðið fólk sem hafði ekki síður gaman af. Tveir hestar í einn dagpart geta gert ótrúlega lukku.



Félagsreiðtúr var farinn niður í Ássand 13 ágúst sem endaði með grilli inni Eyjadal og Kvennareid var farin um Melrakka-sléttu 27.ágúst með handleiðslu Petronellu sem leiddi hóp kvenna um land Snartastaða í frábæru veðri. Ferðin heppnaðist einstaklega vel og var þátttaka góð, það komu þónokkrar konur úr öðrum hestafélögum. Að loknum reiðtúr var notið veitinga í reiðhöllinni á Snartastöðum og skemmt sér fram á kvöld.

Reiðvegagerð í Öxarfirði var unnin í sumar en þar er nóg að

gera og mikið framundan. Fjárframlag frá vegagerðinni er veit ár hvert eftir umsókn og er þetta mjög mikilvægt svo hægt sé að ferðast á hrossum meðfram þjóðvegum með öruggum hætti.

Stjórn Feykis

Formaður: Baldur Stefánsson

Gjaldkeri: Salbjörg Matthíasdóttir

Ritari: Petronella Hannula

Hestamannafélagið Grani

Oddný Lára Guðnadóttir reiðkennari var ráðin til að veita forstöðu reiðnámskeiðum og barnastarfi. Í gildi er samningur milli Norðurþings og Grana, þar sem gert er ráð fyrir forgöngu Grana um þessi efni. Námskeiðin tengdust reiðhöllinni og var þátttaka um 40 börn. Oddný er með reynslu og þekkingu á viðfangsefni af þessum toga og sýndist ríkja gleði og ánægja meðal þátttakenda.

Fyrirhuguð var hestaferð á vegum Grana s.l. sumar, en af henni varð ekki af ýmsum ástæðum. Í samstarfi við knattspyrnudeild Völsungs héldum við "Hliðuball" í reiðhöllinni um Mærudagana á Húsavík. Vel tókst til um samstarfið og hafa báðir aðilar nokkurn fjárhagslegan ávinning af verkefninu.

Félagar í Grana fóru haustferð, skemmtiferð, í Skagafjörð. Um var að ræða dagsferð með heimsóknum til kunnra tamninga- og hestamanna í Skagafirði og Eyjafirði. Á Þorlákssdag hittumst við hestamenn í reiðhöllinni og borðuðum við þar saman skötu og saltfisk ásamt gestum.

Granamenn eru duglegir við að passa upp á reiðhöllina, halda henni í horfi sem þjónandi mannvirkis. Kurl var sett á reiðsvæði hallarinnar í haust og kemur vel út.

Stjórn Grana skipa nú.: Stefán Haraldsson, formaður.

Meðstjórnendur: Bjarki Helgason, Jón Ólafur Sigfússon, Ólafur Samúelsson og Jón Borgar Þorgrímsson.

Stefán Haraldsson, formaður

Hestamannafélagið Snæfaxi

Stjórn hestamannafélagsins Snæfaxa:

Formaður: Jóhannes Sigfússon Gunnarsstöðum.

Gjaldkeri: Steinunn Anna Halldórsdóttir Sauðanesi.

Ritari: Ragnar Skúlason Ytra-Álandi

Meðstjórnendur: Eggert Stefánsson Laxárdal og Gísli Jónsson Þórshöfn.

Febrúar: Þann 24. febrúar var haldinn stjórnarfundur á Gunnarsstöðum.

Mars: Þann 12. mars fór einn félagsmaður Snæfaxa og sat HSP-



þingið sem fram fór á Sólvangi á Tjörnesi.

Apríl: Reiðnámskeið með Petronellu Hannulu sem er reiðkennari frá Háskólanum á Hólum og vinnur við tamningar og þjálfun á Snartarstöðum við Kópasker. Haldin voru tvö námskeið, það fyrri 2. – 3. apríl og það seinna 30. apríl og 1. maí. Námskeiðin voru kennd í einkatímum í reiðhöllinni Kaplaborg á Gunnarsstöðum. Þátttaka var mjög góð og fullt frá morgni til kvölds alla dagana.

Þann 19. apríl var haldinn stjórnarfundur á Gunnarsstöðum og aðalfundur Hestamannafélagsins Snæfaxa var haldinn fimmtudaginn 21. apríl (Sumardaginn fyrsta) klukkan 20:00 í Menntasetrinu á Þórshöfn.

Félagsmenn blésu til reiðtúra frá júní og fram í ágúst. Þá var einn félagsmaður sem ákvað stað, stund og tímasetningu. Þar komu allir sem gátu með hesta á kerru og farið var í 1-2 klukkutíma reiðtúr. Að reiðtúr loknum var sest saman og notið veitinga.

13. júní reiðtúr frá Ytra-Álandi

20. júní reiðtúr í landi Laxárdals

21. júlí reiðtúr frá Sauðanesi.

30. ágúst reiðtúr frá Hallgilsstöðum 1.

Ágúst: Stórmót Þjálfva var haldið á Einarstöðum 4.-6. ágúst þar átti Snæfaxi þrjá flotta fulltrúa. Í barnaflokki kepptu þær frænkur Hólmfríður Katrín Jónsdóttir og Kristín Svala Eggertsdóttir. Hólmfríður var í 1. sæti á Kvísl frá Viðivöllum-Fremri og Kristín var í 3. sæti á Kút frá Laxárdal. Í unglingaflokki keppti Viðja Sóllilja Ágústsdóttir. Viðja var í 5. sæti á Málmi frá Gunnarsstöðum.



Hestamannafélagið Þjálfí

Mývatn open var haldið og var það vel sótt og gekk það ágætlega fyrir sig en betur mátti huga að sumum hlutum en það að var t.d. ekki kakó út í eyju eins og hefur verið því það gleymdist að biðja um það og það þarf að passa vel upp á þessa hluti.

Aðalfundur var haldinn þann 17. mars og var kosin ný stjórn. Kallað var eftir af félagsmönnum að yfirfara ársreikninga 2019, 2020, 2021 vegna þess að þeir voru óyfirfarnir og ekki samþykktir að öllu leiti á aðalfundi. Farið var með þá ásamt reikningum til HSP og voru þeir yfirfarnir þar og síðan hjá Roðasteini bókhaldstofu og komu þeir réttir og villulausir út og þar með samþykktir.

Haldið var reiðnámskeið í Torfunesi og var það Þorsteinn Björnsson sem kenndi. Námskeiðið var vel sótt og var reynt



að halda það aftur en það gekk ekki vegna lélegrar þátttöku. Einnig var auglýst barnareidnámskeið en það var aðeins eitt barn sem skráði sig og fékk það að fara í Torfunes og skoða hesthúsið og fara á bak með formanni.

Einarsstaðamótið var haldið dagana 5.-7. ágúst og gekk það mjög vel. Við fengum marga góða knapa og marga flotta hesta í heimsókn. Mönnun fyrir mótið gekk vel og voru dómarmenningar ráðnir með fyrirvara. Stóra gerðið var lagað til og var það notað af keppendum og var vel látið af því. Þráinn Árni kom og spilaði inn í tjaldi á meðan á grillinu stóð og var grillið vel sótt þetta árið. Að ári er hugmynd að hafa það lengra og er Þráinn tilbúin að koma að því aftur og gera meira úr því.

Verðlaunagripir voru keyptir þetta árið hjá verðlaunagripum norðurlands og var einn farandbikar endurnýjaður og eru þá allir farandbikararnir endurnýjaðir nema stóri bikarinn sem er fyrir hæstu einkunn mótsins en það var keyptur platti til að setja plöturnar á sem eru teknar af þegar þær eru orðnar full skrifaðar. Bikarinn er í ágætu standi. Hestabókin var löguð fyrir mót en leðrið var rífið á hliðinni og búið er að skipta um það.

Léttir lánaði þjálfar hljóðkerfið fyrir þulinn. Skeiðfélagið lánaði timatökubúnaðinn. Upp og Niður fyrirtæki að sunnan leigði okkur talstöðvar alla helgina sem komu sér mjög vel og allir voru í samskiptum á meðan á mótinu stóð, en þeir rukkuðu okkur aðeins fyrir sólarhringsleigu. Norðlenska lagði til 30kg af kjöti sem fór mest allt niður í mannskapinn. Jón Ingi verktaki í Mývatnssveit lánaði valtann yfir helgina svo völlurinn yrði alltaf flottur og klár. Jarðböðin gáfu þjálfar gjafabréf fyrir tvo sem var notað með fyrstu verðlaunum í skeiðinu. Dalakofinn sá um sjoppuna og grillið að einhverju leiti. En vert er að skoða að þjálfar hafi sjoppuna sína sjálfur að ári?

Farið var á fund með Olgu og Herði á Einarsstöðum vegna leigusamnings og er það þeirra vilji að breyta samningnum enda orðin gamall og þarfnast uppfærslu. Þau skrifuðu formanni bréf eftir Einarsstaðamótið og geta félagsmenn fengið að lesa það yfir á aðalfundinum.

Léttir óskaði eftir samtali um samstarf og fallist var á það, samrýma á mótin til að mótin séu ekki á sama tíma hjá félögum og hægt sé að lána fólk á milli ef þarf. Úrtaka fyrir landsmótið var sameiginlegt með Létti, Hring, Funa og Grana og var það bæði haldið á Dalvík og á Akureyri. Þjálfar var með á báðum stöðum og lánaði mannskap inn á Dalvík.

Reiðveganefnd vinnur að því að skipuleggja reiðvegi til að hægt sé að klára aðalskipulagið hjá sveitarfélaginu en sveitafélagið kallaði eftir uppl. frá þjálfara. Sótt var um í reiðvegasjóð í samstarfi við Létti.

Stefán formaður Grana hafði samband og tilkynnti að Grani væri með kauptilboð í hlut þjálfara í Bústólpahöllinni og ætlaði að sendi formanni bréf þess efnis.

Firmakeppnin var ekki haldin þetta árið vegna þess að það voru mót allt í kringum okkur og göngur þar strax á eftir. En það má ekki klikka aftur!

Felix félagatalskerfið hætti og tók sportablar við og verður það notað við að rukka árgjöld, skrá félaga í og úr félaginu og annað í framtíðinni. Það þarf að læra á það en það eru öll

íþróttafélög farin að nota þetta kerfi, eins er LH búið að setja öll hestamannafélögin í þetta kerfi líka.

Farið var víða til að sækja um styrki fyrir félagið og fengum við m.a. 500.000 kr. frá Landsvirkjun til Æskulýðsstarfa. Lífland gefur 10% staðgreiðsluafslátt til félagsmanna þjálfara út á kennitölu félagsins.

Farið var yfir félagatalið eftir að félagsgjöldin voru send út vegna margra símtala frá fólki sem ekki vildi fá rúkkun. Kom þá í ljós að sumir hafa ekki greitt í nokkurn tíma og voru þeir teknir úr félaginu og kröfur feldar niður á þessa einstaklinga. Skv. lögum félagsins þá eru þeir sem ekki hafa greitt félagsgjöldin fyrir árslok sjálfkrafa út eða m.ö.o. eins og 4. gr. félagsins segir: „Félagar sem skulda árgjald frá fyrra ári, hafa ekki rétt til að keppa á vegum félagsins né réttindi á fundum þess á nýju starfsári (sem er hið sama og reikningsár félagsins) fyrr en þeir hafa greitt skuld sína. Að öðrum kosti falla þeir út af félagaskrá 31. des.“ Félagar eru 108 eftir tiltekt og eru 56 félagar sem greiða félagsgjöld í félagið. Aðrir eru ýmist of ungir eða of gamlir til að borga.

Stjórnin:

Helga Sigurbjörg Heide

Birna Hólmgeirsdóttir

Snorri Már Snorrason

Katrín Von Gunnarsdóttir

Arnar Andrésson

Íþróttafélagið Magni

Aðalfundur Íþróttafélagsins Magna var haldinn í félags- og vallahúsi félagsins 27. apríl 2022. Arnþór Pétursson, Gísli Gunnar Oddgeirsson, Hjörtur Geir Heimisson, Jón Helgi Pétursson og Stefán Hrafn Stefánsson voru kosnir áfram í stjórn Magna sem er skipuð 5 mönnum. Hjörtur Geir Heimisson var kjörinn formaður áfram.



Stjórn Sænes ehf. sem er dótturfélag Grýtubakkahrepps kom til fundar milli jóla og nýárs þann 27. des. 2021 með stjórn Magna. Sænes kynnti það fyrir stjórninni að fyrirtækið myndi taka allar skuldir yfir og greiða af vallahúsinu. Frábærar fréttir fyrir félagið og þakkar stjórn Íþróttafélagsins Magna Sænes ehf. og Grýtubakkahreppi kærlega fyrir veittan stuðning. Íþróttafélagið Magni mun eiga og reka húsið. Félagið kom upp stétt og palli við húsið og heitur pottur er kominn í notkun sunnan við hús.

Íþróttastarf Magna var með hefðbundnu sniði, fótboltinn er aðal íþróttagreinin að venju. Magni rekur mjög öflugt barnastarf og kappkostar að veita öllum iðkendum verkefni við hæfi. 5. flokkur Magna tók þátt í Íslandsmóti á vegum KSÍ. Einnig var farið með alla yngri flokka á mót um allt land. Yngri flokkar Magna eru með öflugt og sterkt foreldrafélag. Félagið hefur mjög hæfan þjálfara sem sér myndarlega um alla yngri flokka og skipuleggur starfið afar vel. Margir þessara krakka æfa einnig fótbolta með Akureyrarfélögunum KA og Þór. Nokkrir krakkar eru á fimleikaæfingum á Akureyri og skautaæfingum líka. Einnig eru nokkur börn

að æfa dans og körfubolta á Akureyri.

Meistaraflokkur Magna lék í 2. deild síðasta sumar, tímabilið byrjaði ekki vel og var liðið að ströggla langt fram á mót. Liðið endaði mótið ágætlega en fall um deild var hlutskipti liðsins í lokinn. Liðið endaði í neðsta sæti deildarinnar með 17 stig, 24 mörk skorud og 49 mörk fengin á sig. Nú er ekkert annað í boði en að bretta upp ermar og mæta sterkir til leiks í 3. deild sumarið 2023, setja saman gott lið og gera sitt besta. Þjálfarskipti voru gerð á miðju tímabili, Sveinn Þór Steingrímsson flutti suður og Óskar Bragason tók við sem þjálfari Magna og verður hann áfram með liðið.

Anton Orri Sigurbjörnsson hefur unnið gríðarlega gott starf fyrir Magna, hann er yfirþjálfari yngri flokka Magna, hefur hann unnið mjög mikið starf við að setja upplýsingar um sögu Íþróttafélagsins Magna á heimasíðu félagsins magni-grenivik.is síðustu ár, þar hefur hann safnað saman miklu magni af upplýsingum af ýmsum toga, t.d. öllum úrslitum Magna í deildarkeppni frá 1972, hann hefur fengið mikið magn af myndum í gegn um tíðina og safnað saman gömlum myndböndum af leikjum Magna, félagið þakkar Antoni Orra kærlega fyrir þessa flottu vinnu.

Mikill hugur er í mönnum á Grenivík og hefur gengið ágætlega að fjármagna starfið, enda höfum við getað leitað til afar sterkra fyrirtækja sem hafa tekið okkur mjög vel, styrkt starfið mjög myndarlega og staðið þétt við bakið á okkur. Undanfarin ár höfum við lagt mikinn metnað í beinar útsendingar á Youtube rás Magna, sýnum við beint frá heimaleikjum meistaraflokks og einnig flestum heima-leikjum yngri flokka. Allir búningar félagsins voru endurnýjaðir í sumar og erum við áfram hjá Nike, meistaraflokkur og yngri flokkar.

Grenivíkurvöllur er áfram glæsilegur og í toppstandi, mikill metnaður er að hafa hann góðan og fallegan og er aðstaða við völinn afar góð, mikið hefur verið gert á síðustu árum, stúka fyrir alla íbúa hreppsins er við völinn, blaðamanna-aðstaða, sjoppa og svo nýtt félagsheimili og vallarhús, því er aðstaða við Grenivíkurvöll frábær inn í nánustu framtíð.

Stjórn félagsins hefur samþykkt að taka píludeild sem stofnuð var í febrúar 2022 inn í starf félagsins. Búið er að skipa stjórn og hana skipa Birta María Jónsdóttir, Björn Andri Ingólfsson, Hákon Fannar Ellertsson, Róbert Þorsteins-son og Stefán Haukur Gunnarsson. Reikningur píludeildar er á kennitölu Magna. Frábært skref í að efla félagið og mikið líf komið í vallarhús félagsins. Björn Andri Ingólfsson er meðal bestu pílukastara landsins, hann tók þátt í Úrvals-deildinni sem sýnd var í beinni útsendingu á Stöð 2 sport, þar keppa 16 bestu pílukastarar landsins. Um 50 manns eru í píludeild Magna, nokkrir eru að taka þátt í mótariðum og



hefur þeim gengið vel. Fimm pílubrautir eru í félags-aðstöðu á efri hæð hússins og mikið líf og fjör, skipu-lagðar æfingar eru 2 í viku fyrir bæði börn og fullorðna. Mörg mót hafa verið haldin á fyrsta ári píludeildar.



Íþróttafélagið Magni er kannski ekki stórt félag, en félagið er með stórt hjarta og mikil samstaða er meðal fólks að halda úti öflugum íþróttastarfi á Grenivík. Það ríkir bjartsýni í félaginu, við förum öflug og samstillt inn í næsta ár og gerum okkar besta á öllum vígstöðvum. Til að sterkt sveitarfélag geti gengið vel þá þarf að halda úti góðu og öflugum íþróttastarfi.

Kristleifur Meldal, fyrrverandi formaður Íþróttafélagsins Magna, lést þann 6. september síðastliðinn. Kristleifur var formaður Magna frá 1976-1989 að tveimur árum undan-skildum. Kristleifur kom inn í starf Magna af miklum metnaði og má með sannri segja að hann hafi rífið félagið upp með þeim mikla eldmóði sem hann sýndi í störfum sínum. Allir sem voru með Kristleifi á lokahófum og öðrum skemmtunum muna vel ræður hans, sem ávallt voru fluttar af þeim mikla eldmóði sem einkenndu öll hans störf, og voru þeim sem á hlýddu mikill innblástur. Kristleifur var gerður að fyrsta heiðursfélaga Magna, og er hann enn í dag sá eini sem hlotnast hefur sá heiður. Hann var einnig hand-hafi silfurmerkis KSÍ, en það veitist þeim sem vinna vel og dyggilega að eflingu knattspyrnuíþróttarinnar. Hvíl í friði elsku vinur - nú stofnar þú þitt eigið lið fyrir handan.

Gísli Gunnar Oddgeirsson, framkvæmdastjóri

Íþróttafélagið Völsungur

Framkvæmdastjóri/Aðalstjórn Völsungs



Árið 2022 verður minnst fyrir að vera árið þar sem við hættum öllum tak-mörkunum. Skipulagt íþróttastarf fór í eðlilegt horf og mótahald varð með sama sniði og áður. Það eru mikil forrétindi að hafa eins öflugt íþróttafélag og Völsungur er í ekki stærra bæjarfélagi og Húsavík er. Völsungur heldur úti starfi fyrir iðkendur frá tveggja ára aldri og upp í eldri borgara, allt frá almennri hreyfingu í afreks-starf. Það eru mikil lífsgæði að geta farið á æfingu í skipulögðu íþróttastarfi, keppt fyrir hönd Völsungs, stutt félagið af pöllum í höllinni eða úr brekkunni við knattspyrnuvöllina eða lagt sitt af mörkum sem sjálfbóðaliði svo starfsemin geti haldið áfram að dafna. Við sem samfélag getum verið þakklát öllum þeim sjálfbóðaliðum sem vinna fyrir félagið því án þeirra væri starfsemin fátæklegrí.

Völsungur hefur ávallt litað samfélagið sem við búum í. Árið 2022 var engin breyting á því. Félagið fór að vinna að sam-þættingu íþrótt- og tómstundastarfs fyrir yngstu iðkendur,

eða frá 5 ára og upp í 8 ára. Nú fá öll börn á þessum aldri kynningu á þeim íþróttagreinum sem eru í boði fyrir þennan aldur hjá félaginu. Markmiðið er skýrt, það er að auka hreyfingu barna og um leið að fjölga iðkendum. Verkefnið hefur farið vel af stað og verður gaman að fylgjast með því dafna um ókomna tíð. Næsta verkefni sem er aðkallandi og félagið hefur sett á oddinn gagnvart sveitarfélaginu er að Norðurþing móti sér stefnu í íþrótt- og æskulýðsmálum. Það er mikilvægt að sveitarfélagið móti sér stefnu í þessum málaflokki og er alveg ljóst að félagið verður klárt í þá vinnu þegar að því kemur.

Að lokum viljum við þakka öllum sjálfboðaliðum, fyrirtækjum, stuðningsmönnum og öðrum velunnurum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða. Það eru margir aðilar sem koma að íþróttafélagi og félagið er okkar allra. Verum stolt af því að vera félagi í Völsungi og hugsum hvað við getum gert fyrir félagið okkar svo það megi halda áfram að vaxa og dafna um ókomna tíð, bæjarfélaginu okkar til heilla.

Boccia

Loksins var hægt að hefja aftur æfingar eftir Covid og byrjuðum við á Opna Húsavíkurmótinu í boccia sem er fastur liður í starfi Bocciadeildar Völsungs með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda. Mótið var haldið í Íþróttahöllinni í mars 2022. Kiwanismenn annast alla dómgæslu, merkingu valla, og koma að öllum undirbúningi mótsins með Bocciadeildinni og erum við þeim ævarandi þakklát og öllum þeim sjálfboðaliðum sem koma að þessu móti. Mótið tókst afar vel í alla staði, góð þátttaka að venju og mættu 31 lið til keppni en það sýnir að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á bocciadeildinni með þátttöku, en þetta er fjáröflun fyrir deildina í formi firmakeppni. Farið var svo á pizzahlaðborð að loknum góðum degi.

Hefð er fyrir því að afhenda „Hvatningabikar ÍF“ á Opna Húsavíkurmótinu í boccia. Bikarinn er farandbikar gefinn af Íþróttasambandi Fatlaðra og veittur árlega (allt frá árinu 1995) þeim einstaklingi sem að mati stjórnar Bocciadeildar og þjálfara sýnir bestu ástundun, eljusemi í starfi og góðar framfarir. Í ár hlaut hinn öflugi Indriði Haraldsson í Kvistási bikarinn. Indriði gekk til liðs við Bocciadeild Völsungs 2017, hann hefur frá upphafi samlagast hópnum vel og verið virkur í öllu starfi deildarinnar bæði hvað varðar íþróttaiðkun, góða ástundun, þátttöku á mótum og öðru félagsstarfi félagsins. Hann hefur ekki látið það hamla mætingu á æfingar eða þátttöku í starfinu að eiga um langan veg að fara en hann býr í Kvistási í Kelduhverfi. Strax á fyrsta ári fór hann á sín fyrstu mót með keppnisliði deildarinnar og síðan hefur hann mætt á flest mót ársins m.a. Íslandsmót, Norðurlandsmótin, Hængsmótin á Akureyri og Opnu Húsavíkurmótin. Liðið ár var ekki venjulegt hvað iðkun boccia varðar,



en Indriði sýndi miklar og góðar framfarir eftir að hann kom til liðs við bocciadeildina, ekki síst félagslegar, færni og árangur. Við væntum framfara hjá Indriða á næstu árum ef hann stundar íþrótt sína áfram af sömu innlifun

og metnaði. Hann er góð fyrirmynd fullorðinna fatlaðra íþróttamanna.

Hængsmótið - Íslandsmót 2022, Völsungur fór loksins á mót eftir langan covid tíma og eftirvæntingin mikil. Okkar fólk gekk ágætlega en enginn fór á pall. Íslandsmótið í einstaklingskeppni 2022 haldið af Nes Keflavík. Völsungur átti 15 keppendur í haust og lagt var af stað í langþráð ferðalag og vorum við með nýja þátttakendur með okkur sem stóðu sig vel og okkur til sóma. Mótið tókst í alla staði mjög vel og áttum við þar nokkra keppendur sem komust í undanúslit og svo áfram í úrslit. En í 3. deildinni sigraði Aron Fannar Skarphéðinsson með glæsibrag og eini keppandi Völsungs í verðlaunasæti. Jóna Rún Skarphéðinsdóttir endaði í 4. sæti í 2. deild. Gamán er líka segja frá því að Hildur Sigurgeirsdóttir var valin til að fara fyrir Íslands hönd á Special Olympics í Berlín í júní 2023 og keppir þar í boccia, næsta ár verður því spennandi fyrir bocciadeildina.

BJJ

Ansi viðburðarríku ári er að ljúka hjá BJJ (Brazilian Jiu Jitsu) deild Völsungs. Deildin var stofnuð í byrjun árs 2021 og taldi þá þrjá iðkendur. Þrátt fyrir Covid pásur stækkaði deildin jafnt og þétt og var fjöldi iðkenda í byrjun árs 2022 um 10 manns. Okkur var farið að þykja plássið sem við höfðum úr að moða full lítið en æft var í litla salnum í íþróttahöllinni þrisvar sinnum í viku. Þegar okkur bauðst að byggja upp nýja æfingaaðstöðu í Smiðjunni (gamla Húsasmiðju skemman) ásamt Crossfitturunum þurftum við ekki að hugsa okkur lengi um og stukkum á tækifærið. Allt vinnuframlag var innt af hendi iðkenda og þjálfara í sjálfboðavinnu og nokkrum vikum síðar, eða í byrjun sumars, hófust æfingar á nýjum stað.

Hvað æfingar varðar var hápunktur sumarsins án efa þegar svokallað „Dojo Storm“ var haldið í nýju æfingahúsnæði en þá ferðuðust glímukonur- og menn víðsvegar af landinu til Húsavíkur til að glíma og kynnst þeirri menningu sem Húsavík og nágrenni hefur upp á að bjóða. Þá tóku um 20 manns þátt í fjórum tveggja klukkustunda æfingum á þremur dögum. Það skal því engan undra að fólk fór þreytt en ánægt heim á þriðja degi. Tveir iðkendur kepptu fyrir hönd félagsins á árinu í alls fjórum keppnum og komu heim með þrjú brons sem er vel af sér vikið, sérstaklega í ljósi þess að þau eru að stíga sín fyrstu skref í keppnum.

BJJ samfélagið á Íslandi fer ört vaxandi og leggjum við áherslu á að vera í góðu samstarfi við aðra klúbba. Til að mynda reynum við að fara til Akureyrar að glíma við félaga okkar í Atlantic Jiu Jitsu fyrstu helgi hvers mánaðar. Það er gott og gaman fyrir iðkendur að máta sig við nýja og mismunandi æfingafélaga.



Um mitt sumar hóf æfingar hjá okkur Portúgali að nafni Rui en hann var búsettur hér í bæ frá sumri fram undir miðjan október. Rui hefur um 20 ára reynslu í judo og er með svart belti í íþróttinni. Það var því afar gaman og gagnlegt að fá hann á æfingar hjá okkur. Þegar þessi pistill er ritaður eru 16 iðkendur skráðir til æfinga hjá klúbbum og enn fleiri sem

hafa stigið fæti inn á dýnurnar og prófað. Allir iðkendur hafa tekið framförum á árinu og erum við afar þakklát fyrir þann áhuga sem glímunni hefur verið sýndur og eru ekki í neinum vafa um að sá áhugi á eingöngu eftir að aukast.

Knattspyrna - yngri flokkar

Barna- og unglingaráð knattspyrnudeilda Völsungs heldur utan um yngri flokka félagsins. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningu þjálfara. Ráðið er skipað þremur til fimm fulltrúum foreldra eða áhugafólks um knattspyrnu.

Þjálfarateymið okkar stóð vaktina á árinu af miklum myndarbrag. Þeir Aðalsteinn Jóhann Friðriksson, Elmar Örn Guðmundsson, og Óskar Páll Davíðsson héldu sínum störfum áfram frá síðasta ári. Þá bættist Linda Birgisdóttir í hópinn í sumar og tók 8. flokkinn í sínar hendur eftir að Guðrún Þóra Geirsdóttir hélt á vit nýrra ævintýra. Þau Santiago Feuillassier, Sarah Elnicky og Steinn Alexander Einarsson komu svo feykisterk inn í sumarvertíðina. Við erum afskaplega stolt af þessu teymi sem stóð sig svo frábærlega á árinu.

Smiðjan hefur séð um styrktarþjálfun fyrir yngri flokkana í ár og gert það vel. Barna og unglingaráð er virkilega ánægt með samstarfið og vonandi er það komið til að vera. Það er óhætt að segja að starfið hafi farið af stað með krafti eftir frekar róleg ár í Covid faraldrinum. Krakkarnir okkar ferðuðust um allt land á mót og í leiki þar sem þau voru félaginu okkar til sóma hvert sem þau komu. Það er vert að nefna að 5. flokkur kvenna sigraði Síma-mótið og 4. flokkur kvenna sigraði Reykup. Þá urðu strákarnir í 4. flokki Íslandsmeistarar í 8 manna bolta. Við getum svo sannarlega verið stolt af krökkunum okkar.



Curiomótið var loksins haldið aftur eftir tveggja ára hlé vegna Covid í lok ágúst. Curio er helsti styrktaraðili mótsins ásamt Trésmiðjunni Rein og Norðlenska. Mótið í ár var það stærsta frá upphafi með um 800 skráða keppendur í 160 liðum. Spilað var á 16 völlum á þessu dagsmóti sem einnig mestu fjöldi valla sem settir hafa verið upp. Mótið er dagsmót sem haldið er fyrir 8., 7. og 6. flokk stráka og stelpna og komu lið víða af Norður- og Austurlandi. Norðurþing bauð svo keppendum frítt í sund að móti loknu. Skipuð var sér mótsnefnd haustið 2019 sem hafði veg og vanda að undirbúningi ásamt Barna- og Unglingaráði, Framkvæmdastjóra Völsungs og fleirum góðum Völsungum. Mótið var vel skipulagt og gekk vel í alla staði. Hagnaður Curiomótsins var nýttur í rekstur og búnaðarkaup fyrir barna og unglingaliðin okkar.

Skíðaganga

Síðastliðinn vetur var mjög góður fyrir skíðagöngufólk. Fyrstu brautir voru gerðar upp á Reykjaheiði í desember og voru skilyrði góð til skíðaiðkunar fram í lok apríl. Þá er gaman að sjá að það eru alltaf fleiri og fleiri sem nýta sér

göngubrautir á Reykjaheiði, bæði heimafolk og gestir. Eftir tveggja ára Covid hlé var Buch - Orkugangan haldin aftur 9. apríl 2022. 65 manns tóku þátt í ár frá öllum landshlutum. Vegna snjóleysis á Þeistareykjum var Buch-Orkugangan haldin bara á skíðasvæðinu okkar í dásamlega góðu veðri. Brautin var gerð í hring. Við áttum öll frábærar stundir saman. Nú erum við að undirbúa næstu Buch-Orkugöngu 2023 sem haldin verður 8.- 9. apríl 2023. Buch-Orkugangan er hluti af Íslandsgöngunni sem er í gangi um allt Ísland.



Íþróttaskóli Völsungs

Íþróttaskólinn hefur að venju, líkt og undanfarin ár, verið á laugardagsmorgnum í vetur. Tímarnir hafa verið vel sóttir af iðkendum og foreldrum þeirra, en iðkendur eru á aldrinum tveggja til fimm ára. Iðkenda fjöldi undanfarin ár hefur verið á bilinu 50-70 börn á önn. Börnum er skipt upp eftir aldri og hafa tímarnir verið þrír nú í haust. Meginmarkmið íþróttaskólans hefur verið að auka hreyfifærni, jafnvægi, samhæfingu, styrk og úthald hjá börnunum sem og að kynna fyrir þeim hinar ýmsu æfingar og íþróttagreinar. Þar má helst nefna æfingar með bolta, grjónapúða, blöðrur sem og ýmsar fimleikaæfingar og leiki. Þrautabrautin er ávallt vinsælust hjá krökkunum og eru trampólínin helsta aðdráttarafið. Okkur er það mikilvægt að börnin upplifi spennu og gleði við að koma í íþróttaskólann. Nauðsynlegt er að þau læri að vera á íþróttæfingum, fylgja fyrirmælum, prófa sig áfram og upplifa stoltið og gleðina í því að yfirstíga áður óyfirstíganlegar hindranir eins og t.d. jafnvægisglána eða rimlaklifur. Það er okkar von að þau taki þann grunn með sér í áframhaldandi íþróttaiðkun í grunnskóla og á fullorðinsárum.

Hlaupahópurinn Skokki

Hlaupahópurinn Skokki átti ágætis ár enda þótt samæfingar hafi af ýmsum ástæðum verið fámennari en oft áður. Að vanda var stundum farið í keppnisgallann og mátti finna meðlimi Skokka í Súlum Vertical, Jökulsárhlaupinu, Dyrfjalla-hlaupinu, Fjögurra skóga hlaupinu, Þorvaldsdalsskokkinu og Reykjavíkurmaraþoni. Að auki var hlaupahópurinn með fimm manna lið í vetrarmótaröð UFA og Eyrarskokks sem innihélt fimm hlaup á tímabilinu október-mars.

Einn hlaupaviðburður var haldinn á vegum Skokka en það var Gamlárshlaupið sem annað árið í röð þurfti að vera háð takmörkunum Covid 19. Notast var við smáforritið Strava sem mældi tíma þátttakenda og staðfestingu á hlaupaleið. Nokkurra daga gluggi var gefinn til að hlaupa hinn klassíska 5 km hring en sökum óhagstæðs tíðafars og færðar var þátt-taka mun minni en árinu áður.

Í nokkur skipti á árinu var breytt til, farið út fyrir bæjar-mörkin á æfingar eða hlaupið á óvenjulegum tímum. Þannig var til að mynda hlaupið umhverfis Mývatn á föstudaginn

langa, í Útkinn á blíðviðrisdegi í nóvember og ekki má gleyma Botnsvatnshring í niðamyrkri að kvöldi Hrekkjavöku. Svona uppbrot lifir ávallt vel í minningunni og bætir virkilega á þá gefandi afþreyingu að vera partur af hlaupahóp. Þær leiðir utan malbiks sem hægt er að fara í nágrenni Húsavíkur eru nánast óteljandi, sér í lagi á sumrin og haustin. Ágætis stígakerfi er hægt að finna býsna víða og að auki hefur nýr Þeistareykjavegur opnað aukna nálægð við fjalllendið ofan bæjarins. Það er von Skokka að fleiri munu í framtíðinni kjósa útihlaup sem hreyfingu en þessi íþróttagrein hentar einnig afar vel í bland með hverskyns öðrum íþróttagreinum.

Blak

Blakdeild Völsungs býður upp á blakæfingar fyrir grunn-skólaaldur (1.-10. bekk), starfrækir meistaraflokk kvenna og karla ásamt því að bjóða upp á almenningablak fyrir full-orðna. Í heildina eru iðkendur um 70 talsins.

Í haust tók við nýr þjálfari, Tihomir Paunovski en hann þjálfar meistaraflokka félagsins sem og hluta af yngri flokkum. Tihomir kemur frá Norður Makedoníu og á að baki langan atvinnumannaférl í Evrópu og einnig hefur hann víðtæka þjálfarareynslu. Auk hans eru þrír þjálfarar sem eru einnig leikmenn meistaraflokks kvenna, þær Ana Rita Branco (Portúgal), Shelby Pullins og Nikkia Benites (USA).

Vertíðin hófst hjá meistaraflokkum í ágúst þegar fram fóru Afreksbúðir Blaksambands Íslands á höfuðborgarsvæðinu þar sem þjálfarar félagsliða um allt land tilnefndu sína lykil-leikmenn sem æfðu undir stjórn unglingalandsliðs-þjálfaranna. Völsungar voru fjölmennir í búðunum en 10 þátttakendur fóru.

Kvennalið Völsungs keppti í úrvalsdeildinni síðastliðinn vetur eftir þó nokkurt hlé og endaði í næst neðsta sæti með afar ungt en ákaflega efnilegt lið. Það voru þó tveir erlendir leikmenn með sem þéttu liðið og studdu við bakið á stelpunum. Í haust var brugðið á það ráð að fá þrjá erlenda leikmenn þar sem nokkrir leikmenn heltust úr lestinni og hópurinn því orðinn fámennur. Skemmt er frá því að segja að liðið hefur farið virkilega vel af stað.

Meistaraflokkur karla spilaði í 1. deild síðastliðinn vetur og hafnaði einnig í næst neðsta sæti í vor. Karlaliðið var með Tamas Kaposi sem spilaði þjálfara, en einnig þjálfaði hann kvennaliðið. Strákarnir voru með sameinað lið Völsungs og Eflingar en eins og hjá stelpunum, þá var þeirra lið byggt upp af ungum en efnilegum leikmönnum. Tekin var ákvörðun um að Mfl. karla myndi spila nú í vetur í 2. deild en einnig á Íslandsmóti í U20 deildinni, en sú deild var stofnuð nú í haust þar sem mikið er af ungum strákum á uppleið á Íslandi.



Þrátt fyrir að meistaraflokkarnir okkar hafi ekki náð vinn-ingssætum síðastliðinn vetur, þá var eftir því tekið hve efni-legir og duglegir ungu leikmennirnir okkar eru. Þau fengu því mörg hver boð á landsliðsæfingar og hafa spilað með yngri landsliðum og einnig með A landsliði kvenna. Í vor voru fjórar stúlkur valdar til að mæta á U-21 og A-landsliðsæfingar sem fram fóru hér á Húsavík. Það voru þær Agnes Björk, Heiðís Edda, Kristey Marín og Sigrún Marta. Heiðís Edda og Sigrún Marta voru í framhaldinu valdar til keppni í Evrópukeppni smáþjóða með liði U-21 sem fram fór í Mosfellsbæ. Kristey Marín var svo valin til að fara með U-21 árs liðinu til Svartfjallalands. Heiðís Edda hlaut líka þann heiður að spila A- landsliðsleik í Laugardalshöllinni gegn Tékklandi.

Í haust var einnig nóg að gera í landsliðsverkefnum og fóru



hvorki meira né minna en 8 krakkar með U-17 landsliðum til lkast í Danmörku. Stelpurnar enduðu í 3. sæti og fengu bronsverðlaun og strákarnir komu heim reynslunni ríkari og liðið bætt sig heilmikið. Heiðís Edda og Sigrún Marta voru svo einnig valdar til að keppa með U-19 landsliðinu í Rovaniemi í Finnlandi viku síðar. Allt er þetta svo hinn mesti fjársjóður í reynslubankann hjá þessum hæfileikaríku krökkum og sýnir þetta okkur hve efnilega blakara við eigum hér á Húsavík og verða þessir einstaklingar án efa öðrum til hvatningar.

Í yngri flokkum fór starfið rólega af stað í byrjun árs 2022 vegna Covid-19 en þrátt fyrir talsverð forföll vegna veikinda, sendi blakdeildin tvö lið á Bikarmót BLÍ á Akureyri í febrúar. Annars vegar stelpnalið í undir 16 ára flokki og strákalið í undir 14 ára flokki. Bæði lið stóðu sig með mikilli þrýði en í báðum liðum voru leikmenn að spila upp fyrir sig í aldri og sum þeirra að spila í fyrsta sinn 6 manna blak.

Völsungur áttu 10 fulltrúa á Íslandsmóti BLÍ í aldursflokknum U12 á Ásafirði og 20 krakka sem tóku þátt í Íslandsmóti U14 og U16 í vor.

Haustönnin hófst með æfingum í september og 25. október var Blaksamband Íslands með Skólablak í íþróttahúsinu en það eru blak viðburðir fyrir grunnskóla krakka í 4.-6. bekk um allt land. Völsungur sendi 27 fulltrúa á Íslandsmót og haustmót BLÍ fyrir yngri flokka, U16 stúlkur, U14 drengir og tvö U12 stúlkulið. Auk þess átti Völsungur 3 drengi í sam-eiginlegu liði KA/Völsungs í flokki U16 drengja.

Í vor mun Blakdeild Völsungs ásamt KA á Akureyri verða mótshaldarar Öldungamóts BLÍ 2023 á Akureyri. Öldunga-mótið er einn stærsti íþróttaviðburður landsins í almenn-ingsíþróttum. Síðast hélt KA mótið árið 2018 og var þá

spilað á 15 völlum en síðast þegar Völsungur hélt mótið seint á síðustu öld var spilað á þremur völlum þannig að umfang mótsins er orðið gríðarlegt. Þetta eru mjög svo jákvæðar fréttir fyrir okkur Völsunga því gríðarlegur fjöldi iðkenda sækir þessi mót ár hvert og kemur til með styrkja starf blakdeildarinnar töluvert.

Hjól

Þetta ár var ekki heppilegt veðurfarslega og hafði það talsverð áhrif á framkvæmdir sem áttu að verða árið 2022, minna varð úr framkvæmdum en var upphaflega ákveðið en við unnum aðallega í viðhaldi á brautinni og reyndum að breyta og bæta svæðið, eitt af því sem kemur með reynslu er að sjá út hvað má bæta og hefur hópurinn unnið að því að lagfæra kafla í brautinni og gera þá betri. Sem fyrr voru það Höfðavélar sem unnu mikið að þessu með okkur og þökkum við þeim kærlega fyrir frábært samstarf í gegnum tíðina.

Árið 2021 fengum við leyfi hjá sveitarfélaginu Norðurþingi að gera tengistíg frá Botnsvatni upp að bílastæði við Meyjarskarð, var þessi tengistígur ætlaður til þess að færa umferð frá þjóðvegnum og auka öryggi þeirra sem nýta sér þetta svæði. Tengistígurinn er staðsettur innar lega við Botnsvatn, í gegnum skógræktina og liggur eftir brekkunni upp að bílastæði, hann var hafður breiður svo öll umferð gangandi og hjólandi vegfarenda kæmist fyrir og allir geti notið þess að fara um hann. Vinnuvélar Eyþórs unnu þetta verk með okkur og eiga þeir miklar þakkir skilið fyrir frábært verk Þó veðrið hafi ekki verið gott til útiverka þá var tíminn engu að síður vel nýttur, meðlimir félagsins hafa lengi haft þann draum að útbúa gott svæði fyrir börn og unglinga sem þau geta nýtt sér til æfinga og skemmtunar. Fórum við því í viðræður við Norðurþing um að gera æfingasvæði, eða það sem á ensku er kallað bikepark. Eftir viðræður var ákveðið að úthluta Stallasvæðinu undir þetta verkefni og fengum við einnig góðan styrk frá sveitarfélaginu til þess að byggja svæðið upp.

Samstarfið er ekki bara innan Norðurþings heldur teygir það sig einnig inn í Eyjafjörð, Meðlimir félagsins hafa unnið með hjólreiðafélagi Akureyrar að nokkrum verkefnum og á þessu ári aðstoðuðum við þau í að skipuleggja götuhjólamót, hjólað var í Þingeyjarsýslu, frá Mývatni, í gegnum Reykjahverfi og Aðaldal. Almenn er mikil ánægja meðal götuhjólafólks með þetta svæði okkar og er almennt talin mikil perla til útivistar. Það mun eflaust vera vöxtur í öllum greinum hjólreiða á næstu árum og ásókn mun aukast í að halda hér allskonar keppnir tengdar hjólreiðum. Við hlökkum til að halda áfram að byggja upp þetta frábæra sport.

Taekwondo

Árið 2022 hefur verið gott innan raða Taekwondo þar sem starfið okkar gat farið í eðlilegt horf. Við æfðum í tveimur hópum, börn og svo eldri. Það er sérstaklega ánægjulegt að segja frá því að það hefur fjölgað hjá okkur í yngri hópnum sem er gríðarlega jákvætt fyrir starfsemi deildarinnar. Æfingar hafa gengið mjög vel á árinu og er gaman að segja frá því að það eru fleiri en bara Húsvíkingar sem æfa hjá okkur. Sóley Spandau kemur á allar æfingar frá Kópaskeri og hefur mikinn metnað fyrir íþróttinni, hún hefur tekið miklum framförum og er hún mikil fyrirmynd fyrir aðra iðkendur

innan deildarinnar. Vonandi mun hún byrja að keppa undir merkjum Völsungs í Taekwondo á næsta ári. Í haust var keyptur nýr æfingabúnaður fyrir deildina. Það var gert í samstarfi við Framsýn og Gentle Giants.

Fimleikar

Í vor héldum við í annað skiptið glæsilega páskaþýningu í samstarfi við Tónlistarskólann. Þemað í þetta skiptið var Eurovision og dönsuðu börnin og léku listir sínar við lög, bæði úr keppninni og Eurovisionmyndinni. Krakkar úr Tónlistarskólanum spiluðu lög á milli fimleikaatriða, Örlygur Hnefill var kynnr og að lokum kom Eurovision kórinn og söng Husavík my hometown með öðrum þátttakendum úr sýningunni. Frítt var á sýninguna en sjoppa var á staðnum og fór ágóðinn í tækjasjóð fimleikadeildarinnar.

Síðasta fimleikavetri slúttuðum við með foreldraæfingu og grillveislu þar sem allir skemmtu sér konunglega, bæði foreldrar og börn. Enginn slasaðist á æfingunni þrátt fyrir langa pásu foreldranna frá fimleikaiðkun en eitthvað heyrðist af strengjum hér og þar næstu daga. Þess má geta að þjálfararnir voru opnir fyrir því að þjálfra fullorðinsfimleika ef eftirsókn væri eftir slíku.

Með samþættingu skóla- og frístundastarfs sem hófst nú í haust tók starf fimleikadeildarinnar miklum breytingum. Í fyrsta skiptið taka öll börn frá fjögurra til sjö ára þátt í fimleikaæfingum einu sinni í viku. Við þetta fjölgaði börnum í deildinni úr um það bil 40 í 128. Æfingarnar fyrir þennan aldurshóp eru búnar fyrir klukkan 16:00 og eru samvinna Völsungs, frístundar og Grænuvalla. Þessar æfingar hafa gengið framar vonum og eru börnin almennt mjög áhugasöm. Það verður spennandi að sjá hvert þetta samstarf leiðir okkur á næstu árum. Með auknum iðkendafjölda er ljóst að við þurfum betri aðstöðu til fimleikaiðkunar. Eins og aðstaðan er hjá okkur í dag sjáum við okkur ekki fært að senda börnin í keppnir, bæði vegna ófullnægjandi aðstöðu hér og skorts á þjálfunartímum vegna þrengsla í stunda-töflunni. Þess í stað höldum við páskaþýningu sem öllum iðkendum er velkomið að taka þátt í auk þess sem eldri börnin hafa farið í æfingaferð til Egilsstaða þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar. Þar sem börnin hafa ekki verið að keppa höfum við ekki þurft að fjárfra mikið en það gerum við þó tvisvar á ári, með páskaþýningunni og jólamarkaði á aðventunni þar sem við höfum selt heita drykki og ýmiss konar kruðerí. Markmiðið með þessum fjáröflunum er að safna fyrir nýrri og betri fimleikabúnaði og draumurinn er að sjálfsögðu að fá fullnægjandi aðstöðu þar sem búnaðurinn getur fengið að standa í friði eins og honum er ætlað. Þegar það gerist getum við vonandi farið að huga að keppnum á ný.

Völsungur er í samstarfi við íþróttamerkið Puma en þar sem ekki eru framleiddir fimleikabólur hjá þeim létum við hanna og sauma nýja fimleikaboli sem iðkendum stóð til boða að kaupa. Þeir komu vel út og hyggjumst við endurtaka leikinn eftir áramót.

Aga Kalemba og Sara Kristín héldu áfram að þjálfra í vetur, Aga framhaldshópin og Sara leikskólahópna og framhaldshópin. Iolanda eignaðist lítinn dreng í sumar og er því í fæðingarorlofi frá fimleikunum í bili. Í hennar stað komu Karen B. Elsudóttir um sinn og þjálfaði framhaldshópin

einu sinni í viku, Natasha Damen sjúkra-þjálfari þjálfar eldri leikskóla-börnin, 1.,2. bekk og framhaldshópinn.

Iris Waitz iðju-þjálfari aðstoðar hana auk þess að þjálfa yngri leikskólahópinn.

Í desember bættist Magdalena Orlinska í þjálfarahópinn en hún mun leysa Ögu af þar til í vor og eftir áramót mun Selmdís taka við af Irisi og þjálfa með Natöshu. Auk þjálfaranna eru stelpur í framhaldshópnum og stelpur í vali í grunnskólanum duglegar að aðstoða á æfingum hjá yngri krökkunum. Við erum afar lukkuleg með þennan flotta þjálfarahóp okkar og vonum að við höldum í þær sem lengst.



Knattspyrna - meistaraflokkar

Á síðasta tímabili tóku stelpurnar í meistaraflokki kvenna þátt í lengjubikarnum, mjólkurbikarnum og Íslandsmóttinu í 2. deild. Lengjubikarinn fór fram á undirbúningstímabilinu og lentu þær í öðru sæti í sínum riðli. Þær komust í úrslitaleikinn þar sem þær spiluðu við ÍA á Sauðárkróksvelli en töpuðu 3-2. Stelpurnar spiluðu tvo leiki í Mjólkurbikarnum, unnu Einherja 4-0 á heimavelli en töpuðu svo gegn Fjarðabyggð/Hetti/Leikni 4-0 á útivelli.

Á Íslandsmóttinu var spilið einföld umferð og eftir það skiptist deildin í tvennt og sex efstu liðin spiluðu innbyrðis. Stelpurnar voru í 2. sæti eftir eina umferð og voru því í keppni um að komast upp. Eftir harða baráttu enduðu stelpurnar í 3. sæti einu stigi frá því að komast upp um deild.

Leikmannahópurinn var mjög skemmtilegur hjá okkur í sumar. Fengum við nokkra leikmenn frá Þór/KA að láni. Ísabella Júlía Óskarsdóttir markmaður kom og hjálpaði okkur á undirbúningstímabilinu og Amalía Árnadóttir spilaði nokkra leiki. Sonja Björg Sigurðardóttir og Una Móeiður Hlynisdóttir voru hjá okkur í allt sumar, þetta eru gríðarlega efnilegar stelpur og voru algjörir lykilleikmenn fyrir okkur. Sonja var markahæst hjá okkur í sumar með 10 mörk. Sarah Elnicky kom aftur, hún var að þjálfa yngri flokka og spilaði einnig alla leiki. Brooklyn Nielsen markmaður kom frá Bandaríkjunum og reyndist okkur mjög vel sem og Allyson Patterson sem stóð sig gríðarlega vel. Svo voru einnig yngri Völsungsstúlkur sem fengu að spreyta sig með meistaraflokki.

Fyrir þetta tímabil var gerður tveggja ára samningur við Aðalstein Jóhann Friðriksson, hann tók við liðinu árið 2020, hann hefur verið að gera góða hluti, við erum búnar að vera hársbreidd frá því að komast upp tvö tímabil í röð.

Á lokahófi meistaraflokkanna var Harpa Ásgeirsdóttir valin Völsungur ársins, Árdís Rún Þráinsdóttir best og Una Móeiður Hlynisdóttir efnilegust. Við eigum frábærar fótbolta-stelpur á Húsavík bæði í meistaraflokknum og yngri flokkum sem halda þessu á lofti fyrir okkur.

Karlamegin var árið 2022 hið finasta hjá okkur í meistaraflokki og 2. fl. karla. Jóhann Kristinn Gunnarsson tók aftur við þjálfun liðsins í janúar en Jónas Halldór Friðriksson hafði stýrt ungu liði okkar í Kjarnafæðismóttinu með prýði. Við misstum út sterka pósta frá árinu áður en Sæþór Olgeirsson þurfti að leggja skónna margfrægu á hilluna, í bili, vegna meiðsla. Stórt skarð til að fylla í. Lengjubikarinn gekk ágætlega og unnum við okkar riðil þar og mættum Njarðvík suður með sjó í undanúrslitum. Þar töpuðum við 1-0 í hörkuleik.

Við fengum frá Akranesi markvörð, Aron Bjarka Kristjánsson, sem kom vel inn í okkar hóp. Við héldum okkar erlendu leikmönnum frá sumrinu 2021, okkar frábæru Adolf Bitegeko, Santiago Feuillassier og Jaime Aguetas. Til að fylla skarð Sæþórs fengum við hinn spænska Mikel Abando Arana sem því miður náði aldrei frammistöðu á líkingu við Sæþórs. Árni Björn Eiríksson kom til Völsungs en hann á ættir að rekja hingað og bjó á Húsavík í sumar. Áki Sölvason kom á láni frá KA þegar 1.umferð var nýlokið og sló í gegn, en einnig fengum við Völsunginn Hrannar Björn Steingrímsson á láni ásamt því að Baldur Sigurðsson ákvað að slá til og spila með okkur í sumar. Gríðarlega mikilvægt fyrir okkar ungu stráka að fá Hrannar og Baldur inn, sjá hvernig þeir undirbúa sig og bera sig að á bæði æfingum, fyrir leiki og í leikjum og lærði okkar lið mikið af þeim.

Við byrjuðum sumarið vel og vorum í toppbaráttu framan af. Hrannar fór aftur til KA í júlí og við fengum góða sendingu í starfsmanni PCC, Tomas Salamanavicius. Þegar álag jókst á 2. flokk og lenti liðið í meiðslum gáfum við fullmikið eftir í baráttunni og þegar sæti í efstu tveimur varð útilokað eftir 17. umferð fór loftið aðeins úr blöðrunni hjá okkur.



Frammistaða margra einstaklinga var góð og ber þar hæst að nefna Áka Sölvason. Áki gerði 17 mörk í 21 leik í 2. deildinni og varð markakóngur 2.deildar. Hann var kosinn leikmaður ársins af samherjum sínum á lokahófi. Jakob Héðinn Róbertsson var valinn efnilegastur en þessi 17 ára piltur kom við sögu í öllum deildarleikjum sumarsins, en aðeins Aron markvörður og Arnar Pálmi Kristjánsson gerðu það einnig. Arnar Pálmi spilaði einmitt hverja einustu mínútu hjá Völsungi þetta sumarið, þriðja sumarið í röð. VÁ!

Árangur sumarsins því 4.sæti í deild, 33 stig. Okkar ungu strákar fengu smjörþef af meistaraflokksbolta og 2. flokkurinn hjá okkur tók þátt í Íslandsmóti í fyrsta skipti síðan 2019. Þeir munu búa vel að þeirri reynslu í sumar en þótt úrslitin í sumar hafi ekki alltaf verið hagstæð spiluðu þeir æ betur saman og fullorðnuðust mikið í leik sínum.

Jóhann Kristinn þjálfari endurnýjaði svo ekki samning sinn í haust og hélt á nýjar slóðir. Við þökkum Jóa kærlega fyrir samstarfið síðastliðin ár en reynsla hans og þekking hefur verið ómetanleg í starfi okkar Völsunga. Almennt séð hefur starfið gengið vel hjá okkur en ljóst er að fleiri hendur þarf í verkin, enda knattspyrna á Íslandi stunduð allan ársins hring.

Íþróttafélagið Þingeyingur

Annað starfsár Íþróttafélagsins Þingeyings fór vel og fallega fram. Haldnar voru vikulegar íþrótt- og leikjaæfingar í íþróttahúsinu á Kópaskeri og í Lundi á víxl frá upphafi árs. Á eftirminnilegu ársþingi HSP í marsmánuði við velgjörðir og veitingar kvenfélagsins Öldunnar var félaginu formlega heimiluð aðild að Héraðssambandi Þingeyinga sem er mikill heiður, bæði fyrir Íþróttafélagið Þingeying og alla Þingeyinga í heild sinni.

Á aðalfundi okkar þann 24. mars urðu aðeins breytingar á stjórninni. Brynjar Þór Vigfússon kemur inn í stað Svölu Rutar sem ritari. Róbert Karl Boulter heldur áfram sem formaður og Matthildur Dögg sem gjaldkeri. Varamenn eru Guðrún Lilja Curtis, Arnar Þór Geirsson og Jóhannes Guðmundsson.

Íþróttastarf, af eðlilegum ástæðum, lá hérumbil niðri á tímum vorverka og sauðburðar í sveitinni og fer mikill tími iðkenda og foreldra þeirra í þess háttar tilfallandi verkefni á heimaslóðum. Í júní byrjuðu æfingar úti með sama fyrirkomulagi, önnur á íþróttavellinum í Lundi og hin á Dúddavelli, Kópaskeri.

Íþróttafélagið sýndi lit og hélt hátíðlega upp á þjóðhátíðardaginn á Kópaskeri, ásamt Hestamannafélaginu Feyki og bauð gestum og gangandi að taka þátt í leikjadagskrá í íþróttahúsinu, fara léttan hring á hestbaki og einnig var veglegt pylsugrill í boði sveitarfélagsins í Skjálftasetrinu.

Ásbyrgismót var haldið aðra helgina í júlí með mjög svipuðu sniði og síðastliðið sumar, sem var þó frábrugðið fyrirkomulagi fyrri ára. Þátttakendur keppast við að bæta eigin árangur frá árinu áður, og hefur svona keppnisumhverfi einstaklega góð áhrif á viðhorf ungmenna til árangurs. Þetta er einhver fallegasta fjölskyldusamkoma sem völ er á fyrir okkur sem hér búa. Sannreynt að gullhúðaðir bikarar, viðurkenndir dómarar, hátalarakerfi og flugeldasýningar hafa ekki neitt með leikgleði, lýðheilsu og vellíðan að gera. Okkur ber að halda vel utan um samkomur sem þessar því samfélagslegt mikilvægi er ótvírætt. Samkoman tókst einstaklega vel til og gestir voru ánægðir. Allir sem komu að undirbúningi eða annarskonar skipulagi eiga skilið þakki, og fá þær hér með.

Þann 14. júlí fengum við frábæra heimsókn frá Mola, Siguróla Kristjánssyni sem var með fótþoltakynningu og gaf félaginu fótþolta. Mikilvægt fyrir smá félög eins og okkar að fá svona heimsóknir. Í lok ágúst lauk útíæfingum þetta árið og fór tími og athygli heimafélks meira og minna í að sækja og sinna íslensku sauðkindinni á einn eða annan hátt á þessum

tíma árs. Félagið er þakklátt í garð Guðrúnar Lilju Dam sem bauð upp á körfuboltaæfingar í Lundi í nóvember og fram til jóla.

Við hjá Íþróttafélaginu Þingeyingi höfum staðist okkar markmið á liðnu starfsári. Við höfum hvatt alla aldurshópa til að taka þátt í hvers konar félagsstarfi, iðkun íþróttar og leikja með góðvild og vellíðan félagsmanna í huga. Það eitt og sér er stórkostlegt og er stjórn klúbbsins virkilega stolt af því.

Róbert Karl Boulter, formaður

Mývetningur – íþrótt- og ungmennafélag

Um áramótin voru 223 skráðir félagar í Mývetning. Í stjórn félagsins sátu Héðinn Björnsson (formaður), Anton Freyr Birgisson (varaformaður), Linda Björk Árnadóttir (gjaldkeri), Bernadetta Kozackec (meðstjórnandi), Stefán Jakobsson (meðstjórnandi) og Sandra Haraldsdóttir (varamaður). Haldnir voru 12 stjórnarfundir á árinu og aðalfundur félagsins var haldinn 10. mars 2022.



Í upphafi ársins 2022 hófust skíðaæfingar að nýju og kom þar saman kraftmikill hópur skíðaiðkenda. Leið þeirra lá á tvö skíðamót, í Oddskarði í mars og á Andrésarleikana í apríl. Góð þátttaka var á báðum mótunum. Katharina Jóhannsdóttir kenndi svo fimleika hjá okkur á vorönn með þrýði og héldu krakkarnir sýningu í lok annar.

Í sumarbyrjun fór fram Hraunhlaupið, Mývatnsmaraþon og Mývatnskringurinn sem er hjólreiðakeppni og haldin í annað sinn. Var þátttaka með besta móti, sérstaklega gaman var að sjá fjölda heimamanna taka þátt í þessum keppnum. Þess má geta að Atli Sveinbjörnsson félagsmaður Mývetnings bar sigur af hólmi í hálfmaraþoni Mývatnsmaraþonsins.

Yfir sumartímann stóð Mývetningur fyrir frjálsíþróttæfingum sem voru í umsjón Katharinu Jóhannsdóttur og Alejandro Herrero Palacio. Hópurinn tók svo þátt í Sumarleikum HSP og var frábært að sjá krakkana koma saman og spreyta sig á frjálsíþróttamóti.

Með haustinu tóku við klifur-, dans- og frjálsíþróttæfingar. Alejandro Herrero Palacio sá um klifuræfingar fyrir grunn-skólabörnin og hefur líka verið með opna klifurtíma fyrir fjölskyldur og full-orðna. Mývetningi barst töluvert magn af klifurbúnaði þökk sé framtaki Antons



Freys Birgissonar og verður hann nýttur á klifurvegnum í ÍMS.

Linda Björk Árnadóttir þjálfði dans fyrir 1.-7. bekk á haustönninni í frístundartíma skólans. Námskeiðinu lauk með sýningu 15. desember þar sem foreldrum var boðið að sjá afrakstur æfinganna þar sem hópurinn stóð sig af mikilli þrýði. Aðalbjörg Birgisdóttir og Sandra Haraldsdóttir sáu um frjálsíþróttæfingar alla fimmtudaga eftir skóla en þeir færðust svo inn í frístundartíma skólans eftir áramótin 2022-2023.

Mývetningur réðst í ýmis verkefni á árinu samhliða þessu öflugra starfi. Haldin voru páskabingó og jólabingó. Einnig tók Mývetningur þátt í ruslahátíð sveitarfélagsins. Þökk sé frábærum fyrirtækjum og einstaklingum höfum við náð að halda áfram uppbyggingarstarfi á skíðasvæðinu okkar í Kröflu. Stjórn félagsins þakkar öllum sem komu að starfi félagsins á árinu 2022 og horfir björtum augum til ársins 2023.

Stjórn Mývetnings

Skákfélagið Goðinn

Starf skákfélagsins Goðans komst í fastar skorður á árinu 2022 eftir að félagið var endurvakið árið áður. Reglubundnar skákæfingar fóru fram sem og skákmót. Covid takmarkanir setti þó aðeins strik í reikninginn fyrstu vikur ársins en þeim var öllum aflétt snemma á árinu.



Aðalfundur félagsins var haldinn 31. janúar 2022 og mættu 8 félagsmenn til fundarins. Stjórn Goðans var kjörin og er hún óbreytt frá fyrra ári. Hermann Aðalsteinsson formaður, Rúnar Ísleifsson gjaldkeri og Sigurbjörn Ásmundsson ritari.

Jakob Sævar Sigurðsson vann sigur á Janúarmóti Goðans eftir jafna baráttu við Smára Sigurðsson. Smári Sigurðsson vann síðan öruggan sigur á Héraðsmóti HSP sem fram fór í febrúar

Goðinn sendi eina skáksveit til keppni í seinni hluta á Íslandsmóti Skákfélaga 2021-22 sem fram fór snemma í mars. Covid smit herjaði á félagsmenn og ekki reyndist unnt að stilla upp okkar sterkasta liði. Þrátt fyrir það náði sveitin að halda 5 sætinu í 4 deild þegar upp var staðið.

Goðinn hélt Skákþing Norðlendinga í mars á Húsavík. Áskell Örn Kárasón frá Akureyri vann sigur á því móti. 19. Skákþing Goðans/Meistaramót 2022 fór fram í apríl. Smári Sigurðsson stóð uppi sem sigurvegari og vann þar með titilinn í 4 skipti.

Skákæfingar hófust aftur eftir sumarfrí í byrjun september. Skákmý-mótið, sem er nýtt mót haldið í samstarfi við Mývatn – Berjaya Iceland Hotels í Reykjahlíð, fór fram í október. Vond veðurspá gerði það að verkum að mótið varð nokkuð endasleppt en 8 keppendur tóku þó þátt. Stefnt er að því að endurtaka þetta mót haustið 2023.

Íslandsmót Skákfélaga 2022-23 fyrir hluti fór fram um mið-

jan október. Þar sem félagsmönnum hafði fjölgað talsvert var ákveðið að senda tvær sveitir til keppni í 4. deildinni og varð árangurinn ekki eins góður og vonir stóru til. Seinni hlutinn fer fram í mars 2023 og á A-lið Goðans enn þá möguleika á að vinna sig upp í 3.deild. Alls tefldu 16 skákmenn fyrir félagið í fyrri hlutanum.

Atskákmót Goðans fór fram í Nóvember. Smári Sigurðsson vann sigur á því. Smári vann einnig Hraðskákmót Goðans sem fór fram í desember. Smári varð þar með Hraðskákmestari Goðans í sjöunda sinn og hefur enginn unnið það mót oft. Smári Sigurðsson vann 4 titla á árinu og varð því skákmaður ársins 2022.

Félagsmönnum fjölgaði talvert mikið á árinu 2022 því í árslok voru 75 skákmenn skráðir í félagið. Enginn gekk úr félaginu á árinu. Goðinn er 11 stærsta skákfélag landsins og það fjórða stærsta utan höfuðborgarsvæðisins. Einungis Skákfélag Akureyrar, Taflfélag Vestmannaeyja og Skákfélag Selfoss eru fjölmennari.

Hermann Aðalsteinsson, formaður

Skotfélag Húsavíkur

Starfárið 2022 hófst á ársþingi HSP í mars þar sem fulltrúar frá Skotfélaginu mættu fyrir hönd þess. Skotmaður ársins 2021 Rosa Milan Skotfélagi Húsavíkur veitti verðlaunum viðtöku á þinginu. Þá voru einnig tveir félagsmenn Skotf. Húsavíkur heiðraðir fyrir vel unnin störf í þágu Skotfélags Húsavíkur þeir Gunnólfur Sveinsson og Gylfi Sigurðsson og hlutu silfurmerki HSP fyrir sín störf. Í ár er Gylfi Sigurðsson tilnefndur Skotmaður ársins, 2022 fyrir hönd Skotfélags Húsavíkur.

Á skotsvæðinu voraði seint, þótt veturinn hefði ekki verið svo snjópungur. Mikið frost var hins vegar í jörðu, og vegurinn upp eftir fór ekki varhluta af því. Hann fór afar illa, og varð nánast ófær.



Bæjaryfirvöld voru beðin um að loka veginum, eins og vanalega á hverju vori en vegurinn fór engu að síður afar illa. Þessi lokun fór fyrir brjóstið á einhverjum, en nauðsynlegt var að loka. Óskað var eftir að farið yrði í endurbætur á veginum sem og var gert að nokkru leyti. Vegurinn var svo ekki opnaður fyrr en langt var liðið á vor, eða í lok maí. Ríffilbrautin kom líka illa undan vetri. Hún var ein drullusoppa langt fram eftir júní, og hefti það starfsemi að því marki að ekki var hægt að halda mót á þeim tíma sem planað var. Vegurinn meðfram brautinni var lagfærður mikið, og sett í hann fin möl og kom þar að öflugur félagsmaður sem hámarkaði árangur aðgerða. Skotbattar voru líka nánast ónýtir eftir veturinn, og það þurfti að endursmiða þá flesta og komu þar einnig öflugir félagsmenn að. Væntanlega þarf að smíða nýja með vorinu. Þá er ástæða til að athuga hvort ekki borgi sig að taka suma batta niður, í lok sumars – til dæmis á 300 og 400 m. sökum þess hve illa þeir fara yfir veturinn.

Veðurfar var nokkuð sérstakt sumarið 2022. Hann lagðist í logn, og miklar þokur, dag eftir dag, og það þurfti tvisvar að fresta ríffilmótum vegna þrálátrar þoku. Þurrka og hita-sumarið 2021 kom Skotfélöginu í koll, því allan fyrri hluta sumars 2022 var nýja vatnsbólið austan við fjall þurrt. Það var því vatnslaust í klúbbhúsinu, fyrri hluta sumarsins. Rætt var við Orkuveituna, um hvað væri hægt að gera í málinu því vatnsbólið var einfaldlega bara tóm, en svo fór hann að rigna, og rigna enn meira, og það kom vatn. Þetta er mál sem fylgja þarf eftir ef þetta gerist aftur.

Framkvæmdir héldu áfram á svæði félagsins á árinu. Frágangi utan á félagshúsinu lauk að mestu í sumar. Útihurðir voru lagfærðar, og þær stilltar af. Flasningar voru settar á þak. Þá var líka gengið frá útihurð á ríffilhúsi, en hún hafði aldrei verið fullkláruð. Ráðstefnuborð og stólar fyrir rúmlega 50 manns voru keypt inn í sal félagshússins, og er þar orðið mjög vel fundarfært. Parketlistar voru settir upp og vandaðar rúllugardínur voru settar fyrir alla glugga. Unnið var í rafmagni þar sem öryggi og tengingar í töflu ásamt því að dregið var í húsið, ljós sett upp svo og tenglar og rofar í vegg. Hægt er að tengja rafstöðina sem við eigum, inn á kerfið, og lýsa upp húsið. Einnig voru settir upp ofnar sem hugsanir eru sem trygging fyrir frosti ef varmadæla bilar. Eldhúsinnrétting var smíðuð í Norðurvík og var hún sett upp ásamt því að nú á dögnum fyrir aðalfund var einnig sett upp samskonar innrétting fyrir dómara í aðstöðu þeirra. Félaginu var gefið helluborð og öflug uppþvottavél og það á einungis eftir að ganga frá flísum á sökkla innréttinga og fella eldavél og vask í eldhúsinu. Tvær öflugar varmadælur voru keyptar um áramótin og er stefnt að því þegar rafmagn kemur á svæðið að leggja streng í ríffilhúsið og geta haldið yl í því líka.

Á haustdögum var staða svæðisins metin svo að styttest þyrfti í að fá rafmagn á svæðið og var erindi sent á sveitastjórn Norðupings og óskað eftir auka styrk til þess verkefnis. Eins og undanfarið var lagst í rannsóknir á hugsanlegum kostnaði og sótt um 4,5 milljónir til að taka rafmagn og ljósleiðara að svæðinu. Erindinu var vel tekið og í desember var tveimur stjórnarmönnum boðið að sitja fund hjá bæjaryfirvöldum, þar sem fjallað yrði um málið. Fundurinn var svo haldinn þann 15. desember og félaginu mjög vel tekið með erindi sitt.

Þann 6. jan á nýju ári. kom svo tölvupóstur frá Norðupingi til Skotfélagsins, þar sem tilkynnt var að beiðni okkar um aðkomu Norðupings hefði verið samþykkt. Gerður var viðauki við núverandi samning sem felur í sér 4 milljóna viðbót við hann sem eyrnamerkt er þessari framkvæmd og greiddur út þegar reikningar berast fyrir þeirri vinnu. Það er

nú í undirbúningi umsókn til Rarik og Tengis um væntanlegar framkvæmdir. Óhætt er að segja að þetta muni marka tímamót, hvað varðar sögu Skotfélagsins, rekstur og aðstöðu. Hægt verður að halda hita á húsunum, allt árið um kring, ásamt því að hafa klúbbhús upplýst.

Framundan er mjög mikilvægur tími þar sem klára þarf frágang á klúbbhúsinu ásamt nánasta umhverfi þess. Þetta er auðvitað einnig spennandi þar sem fjárhagsstaða félagsins er vel ásættanleg og fyrir tilstilli ötulla félaga hefur ýmislegt áunnist sem félagið hefur ekki þurft að greiða fyrir. Fyrirsjáanleg eru nokkur verkefni þar sem vinnufúsar hendur væru vel þegnar, félaginu og félögunum til heilla.

Það er vissulega ákveðið áhyggjuefni að ungt fólk með fjölþætta menntun geti vart lagt félaginu sínu lið nema hart sé eftir því gegnið og sumir gera ekkert nema að þeim sé greitt að fullu fyrir það. Þetta er sannarlega ekki sá íþrótt- og ungmennafélagsandi sem svona félög þrífast á. Hinn almenni félagi mætti leiða hugann að því hvernig hann sér félag sem orðið er með jafn glæsilegar eignir og Skotfélag Húsavíkur starfa áfram þegar það flæða ekki peningar inn í það til þess að viðhalda og þrifa þær. Það er ekki einkamál stjórnar félagsins að vinna alla vinnuna þó að hún beri ábyrgð á rekstri félagsins á milli aðalfunda.

Almennt starf hefur ekki náð sér upp eftir Covid þó að tekju-liðir félagsins séu í nokkuð föstum skorðum. Við höfum tekjur af hreindýraprófum, skotnámskeiðum, af mótum, og svo hinar hefðbundnu tekjur af félags- og lykildögum.

Hreindýraskotpróf voru framkvæmd á vegum félagsins svo og skotvopnánámskeið fyrir UST en í ljósi þess að UST hefur ákveðið að deila þeim fáu viðskiptavinum sem um ræðir með öðrum aðila hefur það komið til tals að Skotfélag Húsavíkur hætti þessu samstarfi við UST með báða þætti þar sem samanlögð vinna við þetta skilar félaginu takmörkuðum tekjum miðað við vinnuframlag og líklega best að sami aðili sjái um hvoru tveggja að fullu.

Árið 2023 er fjórða árið sem NP greiðir út byggingarstyrk upp á 2 milljónir og rekstrarstyrk sem hljóðar upp á 600 þúsund. Íslandsbanki hefur stutt dyggilega við Skotfélag Húsavíkur með árlegum styrk. Einnig má nefna að Tjörnes-hreppur lagði félaginu til styrk og svo hafa því borist gjafir í formi búnaðar sem nýtast því.

Mót árið 2022

Mót voru ekki mörg á völlum félagsins. Einungis tvö leirdufúmót voru haldin. Hið fyrra um páska en góð mæting var á það mót eða um 17 manns. Sigurður Karlsson frá Skotf. Húsavíkur var sigurvegari á því móti. Annað leirdufúmót var haldið um mitt sumar, en það var fámennt. Leirdufuskýttur félagsins voru því ekki mikið virkar, og tóku ekki þátt í öðrum mótum.

Stærstu centerfire ríffilmót ársins á landinu voru haldin á norðurlandi. Íslandsmót í Bench rest var haldið á Húsavík um miðjan ágúst, og Akureyrarmeistarinn sem er einnig bench rest mót, var haldið á Akureyri í lok september, í einu versta veðri sem



verið hefur, á ríffilmóti á Íslandi. Skotfélagið átti keppanda á verðlaunapalli í báðum þessum mótum.

Þá var um mitt sumar haldið ríffilmót þar sem keppt var á 400 m færi. Þetta var skemmtilegt mót sem keppendur höfðu gaman af og mótið mæltist vel fyrir. Nýliðinn Arnþór Haukur Birgisson frá Skotf. Húsavíkur gerði sér lítið fyrir og vann mótið með talsverðum yfirburðum. Þá var haldið 200 m grúppumót sem var þokkaleg mæting á.

Miðað við umfang aðstöðu eru flestir sammála um að þetta eru of fá mót og mikilvægt að vinna markvisst að auknu starfi félagsins. Hluti af því getur verið skipulagt ungmenningarstarf þar sem áhugi hefur verið viðráður við félagið og líklegt að næsta sumar verði þátttakendur í því.

Núverandi byggingaframkvæmdir eru vel á veg komnar og þeir sem taka við stjórn næstu árin taka því við allgóðu búi. Það ætti að vera spennandi að stunda bæði íþrótt og félagsstarf í Skotfélagi Húsavíkur á komandi árum í einni bestu aðstöðu sem völ er á í landinu og því er ekkert að vanbúnaði annað en að taka þátt og leggja sitt að mörkum í uppbyggingu starfi.

Miðað við stöðu félagsins, það er umtalsverðar eignir sem vaxa jafnt og þétt að verðmætum, skuldir engar, og rekstur í föstum skorðum er það jafnframt mjög mikilvægt að félagsmenn tryggi sér áfram stöðugan rekstur félagsins með kosningu ábyrgja stjórnenda sem þeir treysta til að varðveita áður nefnda uppbyggingu og staðfestu til þess að láta ekki veitast að starfinu sem byggir á lögum og siðareglum íþróttahreyfingarinnar.

Með stolti skilar stjórn Skotfélags Húsavíkur af sér starfsárinu 2022 og vonar að komandi starfsár verði heillaríkt og gott fyrir félagsmenn og þakkar þeim fyrir samstarfið á liðnu ári.

Garðar Héðinsson, formaður

Skotíþróttafélag Norðurlands

Skotíþróttafélag Norðurlands var stofnað í byrjun árs 2022 í tengslum við samstarf og viðræður við fyrirtækið Curio um uppbyggingu innahúsaðstöðu fyrir skotgreinar eða allt að 19 mismunandi greinar. Því miður urðu eigandaskipti með vorinu og verkefnið sett til hliðar við það, hvað sem svo síðar kann að vera. Búið var að teikna upp kjallara undir húsi sem Curio var með á teikniborðinu. Alls 58x 16 m kjallari sem notaður var að hálfu á breiddina og aðstöðusalur. Félagið hefur verið í sambandi við fyrirtæki og fjárfesta um samstarf að uppbyggingu innanhúss skotfímínnar og er það von okkar fyrir alla Norðlendinga að aðstaða finnist.



Starfsemi stjórnar fór að mestu fram með símafundum enda stjórnin staðsett bæði á Húsavík og Akureyri. Helstu verkefni voru að ganga frá umsókn um æfingasvæði fyrir félagsmenn sína og til próftöku manna fyrir hreindýraveiðar. Þessi atriði gengu eftir og var félaginu gefið 10 ára leyfisbréf frá Lögreglunni á Norðurlandi Eystra og prófdómari samþykktur af UST. Þó nokkrir aðilar komu og tóku hæfnispróf hjá félaginu fyrir hreindýraveiði. Engin félagsgjöld voru innheimt fyrir árið 2022. Kostnaður við stofnun og annar kostnaður var greiddur af stofnendum. Skráðir félagar eru á fjórða tug og eru hér úr Þingeyjarsýslu og Eyjafirði að mestu. Þrír félagsmenn kepptu fyrir hönd félagsins árið 2022 en einn lét undan pressu og þvingunum í upphafi sumars og færði sig um set. Hin tvö kepptu á mótum hér innanlands í ríffilgreinum með frábærum árangri, unnið flest þau mót og greinar sem keppt var í og eru m.a. handhafar tveggja Íslandsmeistararitla og Íslandsmeta í ríffilgreinum. Þá fóru þau á heimsmeistaramót WBSF í 50BR til Volmerange les Mines í Frakklandi en mótið var í umsjón Skotsambands Luxemborgar sem er aðeins fáa km frá keppnisstaðnum. Mikil og glæsileg skotaðstaða sem gaman væri að sjá fyrir sér hér á landi. Þar kepptu þau í liðakeppni með 3 aðilum frá Reykjavík og enduðu í 18 sæti af 36 liðum. Kepptu líka í einstaklingskeppni með góðum árangri. Alls voru þetta tveir æfingardagar og 4 keppnis dagar. Mikil lærdómur og tengslamyndun við slíkar ferðir. Nú er búið að skrá sömu aðila til þátttöku á heimsmeistaramót WRABF í 50BR í Tékklandi sem hefst í lok júlí 2023. Keppa þar í þremur greinum, bæði sem einstaklingar og sem 3 manna lið með aðila að vestan.

Kristján Arnarson, formaður

Ungmennafélagið Austri

Ekki voru reglubundnar æfingar fyrir börn og unglinga á árinu 2022 en UMF Austri greiddi styrk til þeirra sem sóttu æfingar annað, t.d. taekwondo, reiðnámskeið, íþróttanámskeið hjá UMF Þingeyingi svo eitthvað sé nefnt.

Áhugasamir hittust öðru hverju og spiluðu blak, þó ekki reglubundið. Eins og undanfarin ár hafa eldri borgarar á Raufarhöfn verið mjög duglegir að mæta í íþróttahúsið og hreyfa sig saman. Tveir þátttakendur tóku þátt í æfingabúðum HSP í frjálsum á Þórshöfn í nóvember.

Aðalfundur UMF Austra var haldinn 29. mars á Hótel Norðurljósum. Nanna Steina gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var Gunnar Páll Baldursson kjörinn í hennar stað. Aðrir stjórnarmenn gátu kost á sér áfram. Skoðunarmenn eru kjörnir Jónas Friðrik Guðnason og Svava Árnadóttir til vara.

Námskeið í frísbígolfi var haldið á Raufarhöfn 28. maí og var það samvinnuverkfni UMF Austra og Þekkingarnets Þingey-



inga. Kennari á námskeiðinu var Hlynur Friðriksson og var þátttaka góð. UMF Austri bauð krökkum á aldrinum 6-18 ára á námskeiðið.

UMF Austri skipulagði og hafði umsjón með 17. júní hátíðarhöldum. Grillaðir voru pylsur og farið í leiki.

Áframhaldandi vinna var við frísbílgolfvöllinn. Fyrirtækjum var boðið að „kaupa“ teiga og bera þá teigarnir nafn þess fyrirtækis sem keypti teiginn, t.d. Urðarteigur, Félagateigur o.s.frv. Einnig var komið upp teigaskilti. Skemmst er frá því að segja að teigarnir seldust upp nánast um leið og þeir voru auglýstir. Einn teigur er tileinkaður Róberti Þorlákssyni sem var mikill og góður frjálsíþróttamaður.



Moli kom í sumar og átti fjöruga stund með fótboltaunnendum á öllum aldri á pönnuvellinum.

Í stjórn UMF Austri eru:

Birna Björnsdóttir formaður

Olga Friðriksdóttir gjaldkeri

Margrét Sigríður Höskuldsdóttir ritari

Gunnar Páll Baldursson

Karítas Ríkhardsdóttir

að vegna fámennis getur félagið ekki boðið upp á mikla fjölbreytni í æfingum en margir Bjarmafélagar eru sem betur fer duglegir að sækja æfingar í nágrannabyggðir.

Bjarmi og Skógræktin eru í samstarfi um skíðagöngubrautir í Vaglaskógi og var troðin slóð nokkrum sinnum á vordögum. Vonandi verður hægt að kaupa betri græjur til verksins fljótlega.

Í sumar var ákveðið að hafa leikjanámskeið tvisvar í viku á Bjarmavelli og sá Salbjörg Ragnarsdóttir ásamt fleirum um námskeiðið. Námskeiðið var mjög vel sótt og mikil ánægja með að hafa það tvisvar í viku. Þá hittust einnig ungmenni og spiluðu fótbolta á fimmtudagskvöldum. Ættarmót voru haldin á vellinum og náðum við að halda hefðbundna Bjarmahátíð sem tókst með ágætum. Bjarmi stóð fyrir göngu á Hálshnjúk í kringum sólstöður og var ágæt mæting. Að venju var Björgunarsveitin Þingey með Fjögurraskóga-hlaup með aðstöðu á vellinum. Hlaupið gekk vel í góðu veðri og var mæting góð. Bjarmaball var haldið í nóvember 2022, flott ball en hefði mátt vera fjölmennara.

Stjórnin fundaði að venju nokkrum sinnum bæði formlega og óformlega. Formaður ásamt tveimur öðrum félagsmönnum mættu á Ársþing HSB 12. mars 2022 sem haldin var í Sólvangi á Tjörnesi. Þingið var skemmtilegt og áhuga-vert. Stjórn Bjarma þakkar sjálfbóðaliðum fyrir vel unnin störf á árinu 2022 og einnig þökkum við Skógræktinni, Björgunarsveitinni Þingey og HSB fyrir gott samstarf.

Stjórn Bjarma, Birna, Jón og Sigríður

Ungmennafélagið Bjarmi

Aðalfundur Bjarma 2022 var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum þann 7. mars 2022. Stjórn Bjarma skipa nú Birna Davíðsdóttir formaður, Sigríður Árdal ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri. Formenn nefnda frá júní 2022 til júní 2024 eru: Fótboltanefnd: Hannes Sigurðsson, Íþróttanefnd: Úlla Árdal, Ferðaþjónustunefnd: Hulda B. Kristjánsdóttir, Vallar-nefnd: J. Bjarki Jóhannesson, Húsnefnd: Jón Þ. Óskarsson, Ferðanefnd: Sigrún Jónsdóttir, Spílanefnd: Þuríður Davíðsdóttir, Ballnefnd: Sigríður Árdal og Skíðanefnd: Rúnar Ísleifsson.

Starf nefnda á árinu var gott eins og endranær. Íþróttæfingar voru haldnar í Stórutjarnaskóla þar sem börnum var boðið upp á leikjanámskeið á frístundatíma og krakkablað að loknum skóla. Olga sá um þessar æfingar. Þess má geta



Ungmennafélagið Efling

Aðalfundur Umf. Eflingar var haldinn óvenju seint eða þann 19. maí 2022. Á fundinum voru gerðar breytingar á lögum félagsins og fjölgað í stjórn um tvo. Ný í stjórn voru kosin Aðalbjörn Jóhannsson, Bergþóra Kristjánsdóttir (2 ár) og Valgerður Jósefsdóttir (1 ár), Gunnhildur Hinriksdóttir var endurkjörin og áfram sat Kristjana Eysteinsdóttir. Skoðunarmenn reikninga eru Haraldur Bóasson og Unnsteinn Ingason. Þar sem aðalfundur var haldinn svona seint var ekki kosið formlega í neinar nefndir líkt og verið hefur. Umhverfisnefnd starfaði því ekki, stjórn tók að sér störf þjóðhátíðarnefndar, í leiknefnd störfuðu áfram Freydis Anna Arngrímsdóttir, Hörður Þór Benónýsson, Þorgerður Sigurgeirsdóttir og Gunnhildur Hinriksdóttir. Ekki var kosið sérstaklega í blaknefnd (karla), bogfíminnefnd, golfnefnd eða minjanefnd og starfið þar látið ráðast af því hvort einhver hefði frumkvæði að því. Þorabóltsnefndin endalausa sat áfram en í henni voru Þorgerður Sigurgeirsdóttir, Jón Friðrik Benónýsson, Sigurlaug Svavarsdóttir, Robert Statkiewicz, Olga Marta Einarsdóttir og Hilmar Örn Sævarsson.



Æfingar og mótþátttaka

Íþróttæfingar á vegum félagsins héldu svipuðu fyrirkomulagi frá áramótum og höfðu verið. Áfram voru tvær æfingar innan skólatíma í Ýdölum, Erla Rós Ólafsdóttir og Stefán Óli Hallgrímsson sáu um þær. Blak grunnskólanema féll niður en í staðinn var Erla með badminton 1x í viku. Gunnhildur

Hinriksdóttir sá um frjálsíþróttæfingar 2x í viku, Bergþóra Sif Árnadóttir og Styrmir Franz Snorrason um sundæfingar (1x í viku) og Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson sá um fótboltaæfingar (1x í viku). Þá voru 2 kvennablaðæfingar á viku undir stjórn Andra Hnikarrs Jónssonar. Blakkarlar/öldungar æfðu ekki en samstarf var þó milli Umf. Eflingar og Völsungs í blaki karla en aðeins tóku yngri drengir þátt í því, aðallega nemendur Framhaldsskólans á Laugum. Þá var opinn tími á laugardögum í salnum þar sem fjölskyldur gátu komið og leikið sér.

Sumaræfingar voru í höndum Gunnhildar (frjálsíþróttir 2x í viku) og Kristjáns Arnar Sigurðssonar (íþróttæfingar 10 ára og yngri 2x í viku). Við reyndum að bjóða upp á fullorðinsfrjálsar 1x í viku og fótbolta 1x í viku fyrir 10 ára og eldri en áhuginn var ekki nægur svo þær féllu fljótlega niður.

Haustæfingar áttu að hefjast með krafti í september en því miður virðist ekki vera mikill áhugi á íþróttastarfi almennt með félaginu. T.d. þurftum við að fækka æfingum niður í 1 á viku í Ýdölum vegna þátttökuleysis, þrátt fyrir að þær séu innan skólatíma. Við höldum úti sundæfingum, körfuboltaæfingum og fótboltaæfingum 1x í viku en þátttaka var frekar léleg. Fín þátttaka var á frjálsíþróttæfingum (2x í viku) og blakæfingum kvenna (2x í viku). Þjálfarar hjá okkur í vetur voru Ólafur Jónsson og Sunna Karen Ingadóttir (Ýdalir), Sandra Rut Fannarsdóttir (sund), Karólína Dröfn Jónsdóttir (bolti), Óðinn Kristjón Weaver (karfa), Gunnhildur Hinriksdóttir (frjálsar), Andri Hnikarr Jónsson (blak kvk). Ekki vitum við hvað þarf að gera en það er ljóst að einhverju þarf að breyta til þess að fá meiri þátttöku.

Við höfum ekki gert mikið af því að keppa í barna- og unglingaflokkum utan að taka þátt í frjálsíþróttamótum á þessu ári sem voru alls 5 talsins auk Unglingalandsmóts UMFÍ. Á þessum mótum keppum við undir merkjum HSP. Frjálsíþróttakrakkar stóðu sig glimrandi vel á árinu og áttu bætingar á eiginlega öllum mótum sem þau fóru á. Unglingalandsmótið gekk líka mjög vel og kepptu krakkar úr Umf. Eflingu m.a. í frjálsum, fótbolta, strandblaki, stafsetningu, upplestri, borðtennis, pílukasti og kökuskreytingum. Það er gaman að segja frá því að við eigum nokkra unglingalandsmótsmeistara og verðlaunahafa: Hjörvar Þór Hnikarrsson varð unglingalandsmótsmeistari í borðtennis, tók silfur í strandblaki og brons í fótbolta og Vilborg Halla Jóhannsdóttir náði í brons í 4x100m boðhlaupi. Jón Andri Hnikarrson fékk brons í strandblaki og Arney Dagmar Sigurbjörnsdóttir og Eyhildur Ragnarsdóttir urðu unglingalandsmótsmeistarar í strandblaki.



Á fullorðinsviðinu kepptu blakkonur undir merkjum HSP á Íslandsmóti BLÍ í 3. deild og á öldungamóti BLÍ undir nafni Dalalæða á 6. deild. Úrslit fóru þannig að liðið féll um deild og spilar í 4. deild tímabilið 2022-2023 en hélt sæti sínu í 6.

deild á öldungamótinu. Enginn keppti í bogfimi en einn reimaði á sig skóna og tók þátt í öldungamóti FRÍ í frjálsum.

Annað starf

Félagið stóð fyrir búningakaupum á vormánuðum frá Stanno og verður að viðurkennast að þetta setur góðan svip að sjá krakkana í eins búningum og fatnaði á æfingum. Moli kom og var með fótboltaæfingu í júlí á pannavelli sem hann setti upp. Það væri nú gaman að eiga einn svoleiðis. Krakkar frá félaginu tóku þátt í æfingabúðum í frjálsum á Þórshöfn í nóvember og Dalalæðurnar stóðu fyrir jólablakmóti í lok desember. Jólavistin var einnig á sínum stað í lok desember og var spilað á 9 borðum. Ekkert varð af þorablóti 2022 vegna covid en við erum nú vonandi sloppin frá þeim leiðindum sem samkomutakmarkanir eru.

Golfvöllurinn á Laugum var opinn eins og síðustu ár. Áfram var samstarf varðandi slátt við Framhaldsskólann á Laugum og var það því starfsmaður á þeirra vegum, Kristján Örn Sigurðsson, sem sinnti slætti á svæðinu að miklu leyti en þá var Konráð Erlendsson áfram afkastamikill í slættinum og viðhaldi véla eins og síðustu ár og er ómetanlegt það framlag sem hann hefur lagt til golfiðkunar hér á svæðinu. Nýtingin á vellinum var einhver en þó í minna lagi og má þar kenna slæmri veðráttu um. Engin mót voru haldin þetta sumarið á vegum nefndarinnar en mögulega hafa þó einhverjir hópar tekist á sín á milli án okkar aðkomu. Tækjakostur hefur ekki breyst milli ára. Nefndin á þrjár vélar ásamt slátturóbóta sem vinnur fyrir framhaldsskólann.

Stjórn Umf. Eflingar sá um að halda 17. júní þetta árið en vegna veðurs voru hátíðahöldin færð inn í íþróttahúsið á Laugum. Þangað mættu a.m.k. 60 manns og hlýddu á hefðbundna dagskrá, fjallkona var Þórdís Jónsdóttir og hátíðaræðu flutti Sigurbjörn Árni Arngrímsson. Við grilluðum pylsur og vorum með sjoppu í fjáröflunarskyni og settum hoppukastalann upp í sundlaugargarðinum þar sem líklega var einna skást að vera bara á sundfatnaðinum í bleytunni.

Það er ánægjulegt að ljúka ársskýrslunni á því að þakka fyrir stuðning fyrirtækja Skjaldborgar Eflingar en styrktarsamningar við Jarðböðin við Mývatn, Sparisjóð S-Þing og Framsýn voru endurnýjaðir á árinu til þriggja ára sem gerir okkur betur kleift að standa undir starfi sem okkur þykir ákaflega mikilvægt að sé til staðar, bæði til að þjónusta núverandi íbúa og til þess að laða nýtt fólk í samfélagið okkar.

Stjórn Umf. Eflingar

Ungmennafélagið Einingin

Eins og árið 2021 var starf félagsins óvanalegt vegna áhrifa COVID 19. Þorablót Einingarinnar féll niður annað árið í röð sökum samkomutakmarkana og ákvað þorablótsnefnd að halda ekki síðbúið blót þegar samkomutakmörkunum var aflétt síðla veturs. Starfið var einnig hægt í gang, bæði félags- og íþróttastarf. Eins og áður æfðu nokkrir krakkar frá Einingunni íþróttir í Stórutjarnaskóla sem ungmennafélagið Bjarmi stendur fyrir yfir vetrartímann. Einnig sækja nokkrir krakkar



æfingar til Akureyrar allt árið. Síðla hausts var sett upp fót-boltabílljard innandyra í Kiðagili. Þetta er útileikjasett en ákveðið var að prófa það inni til bráðabirgða. Þetta reyndist hin mesta skemmtun fyrir fólk á öllum aldri og verður það tilhlökkunar efni þegar það bætist við sem stöð á vellinum næsta sumar.

Haldið var áfram uppbyggingu á íþrótt og afþreyingar-aðstöðu á íþróttasvæði félagsins og verður því verkefni haldið áfram 2023. Einingin ásamt fyrirtækjum í Bárðardal voru með unglina í vinnu í tengslum við vinnuskóla Þingeyjarsveitar. Þau sinntu meðal annars störfum eins og að slá íþróttavöllinn og snyrta í kringum stöðvar, klippa og snyrta runna við völinn, aðstoða við að gera upp og laga búnað o.fl. Félagið fagnar þeirri breytingu að Sportablar var tekin í notkun í stað Felix og fór smá tími í að koma upplýsingum á milli kerfa. Sigurlína Tryggvadóttir sat seinna árið sitt sem varamaður í stjórn HSP. Í stjórn Einingarinnar sitja Sigurlína Tryggvadóttir formaður, Jónas Sigurðarson ritari og Erlingur Ingvarsson gjaldkeri.

Sigurlína Tryggvadóttir, formaður

Ungmennafélagið Geisli

Engin starfsemi á árinu.

Árni G. Helgason, formaður



Ungmennafélag Langnesinga

Árið 2022 hefur gengið vel hjá okkur og er allt að detta aftur í fyrra horf líkt og það var fyrir covid. Mikill stöðugleiki hefur verið hjá okkur hvað varðar þjálfun með tilkomu Sigurbjörns Veigars sem aðalþjálfara og hefur samstarf okkar UMFL og Langanesbyggðar varðandi þetta starfsgildi gengið mjög vel. Í árslok var þetta starfshlutfall svo endurskoðað og tók Langanesbyggð stærri prósentu á sig þannig núna vinnur hann 30% fyrir UMFL og 70% fyrir Langanesbyggð. Sigurbjörn hefur séð um alla þjálfun hjá félaginu á árinu en við fengum Erlu Rós Ólafsdóttir til að vera honum innan handar í sumar. Á vor- og haustönn vorum við með Íþróttaskóla UMFL fyrir 1.-4. bekk en þar er markmiðið að kynna þessum aldursflokki fyrir allskonar íþróttum. Fyrir 5.-10. bekk var svo fót-bolti, frjálssar íþróttir og blak og hafa þessar æfingar verið ágætlega sóttar.

Í sumar vorum við svo með fótbolta og frjálssar íþróttir fyrir allan grunnskólaaldurinn ásamt því að vera með tveggja vikna leikjánaðmskeið fyrir hluta af leikskóla og yngstu krakkana í grunnskólanum þar sem mikið líf og fjör var en meðal annars var þar í boði hjólaferð, veiðiferð, fjársjóðsleit og margt fleira og mikil ánægja með skólann. Þetta er þriðja sumarið sem UMFL er með þennan leikjaskóla. Eru Sigurbirni og Erlu þökkuð vel unnin störf.



Mót, keppnir og æfingabúðir

Nokkuð hefur verið um mótaferðir á árinu en UMFL fór með lið í knattspyrnu á Stefnumót KA, Hattarmótið á Egilsstöðum, Curio mótið á Húsavík ýmist í 6. og/eða 7. flokki. Á þessu móti höfum við farið með blandað lið með stelpum og stráku en í desember náðum við í stelpulið í 7.flokki sem var algjörlega frábært. Öll þessi mót eru frábær vettvangur fyrir þessa ungu fótboltakappa til að læra inn á svona mót og þar skiptir gleðin ekki minna máli.

Við í UMFL áttum fjóra einstaklinga sem hafa verið að keppa í fótbolta með Þór frá Akureyri þar sem við í UMFL höfum ekki náð í lið í þeirra flokkum. Hafa þeir farið á Íslandsmót KSÍ, N1 mótið á Akureyri, Olísmótið á Selfossi, Goðamót Þórs, Stefnumót KA, Orkumótið í Eyjum og Króksmótið á Sauðárkróki og stóðu þeir sig allir gríðarlega vel og algjörlega frábært að sjá svona unga og efnilega krakka halda áfram þó svo að þeir geti ekki haldið áfram með sínu eigin liði. Einnig keppti einn frá UMFL með Einherja á Króksmótinu og stóð sig mjög vel.

Í vor héldum við fótboltaæfingabúðir fyrir 1.-4.bekk þar sem við buðum krökkum frá Einherja og Ungmennafélaginu Þingeyingi og var fin mæting og glatt á hjalla. Í haust héldum við fótboltaæfingahelgi þar sem við fengum hann Helga Ásgeirsson eða Mola til okkar og var finasta mæting þar einnig.

Í frjálsum íþróttum áttum við nokkra keppendur sem kepptu ýmist undir nafni UMFL eða HSP. Við áttum 8 keppendur á Sumarleikum HSP, 2 keppendur á Meistaramót Ísland 11-14 ára utanhúss og Minningarmóti Ólivers og áttum við nokkra einstaklinga á þessum mótum á verðlaunapalli með frábæran árangur í mörgum greinum.

23. nóvember hélt Frjálsíþróttaráð HSP frjálsíþróttabúðir hér á Þórshöfn sem við vorum virkilega ánægð með. Þjálfarar voru Gunnhildur, Selmdís og Sigurbjörn og er þetta klárlega eitthvað sem við viljum halda áfram með og efla en um 36 krakkar af öllu svæðinu tóku þátt.

Blakið hefur vaxið og dafnað hjá okkur en í vor átti UMFL í fyrsta skipti lið í krakkablaki en þá kepptu 8 krakkar á blakmóti á Húsavík. Við vorum með tvö þriggja manna lið í U12 og kepptu tvær stelpur með KA/UMFL í eldri flokki. Í haust fóru svo 6 flottir krakkar frá okkur í Hæfileikabúðir BLÍ á Akureyri ásamt Sigurbirni Veigari en hann sótti þar þjálfarnámskeið. Árið endaði svo á blakmóti á Húsavík en þar áttum við eitt lið í U12 og stóðu þau sig mjög vel.



Hið gamla og rótgróna Ásbyrgismót var haldið en þó með breyttu sniði líkt og í fyrra. Helgin var einskonar æfingabúðir fyrir krakka á gamla UNP svæðinu þar sem Sigurbjörn Veigar og Erlu Rós voru þjálfarar. Einnig var fótboltakeppni þar sem öllum var blandað saman og skipt í lið eftir aldri og keppt.

Þetta fyrirkomulag vakti mikla gleði og allir fengu viðurkenningskjal og verðlaunapening í lokin.

Hingað til hefur félagið greitt öll þátttöku- og mótsgjöld fyrir alla sína iðkendur á öllum mótum og keppnum innanlands. Eftir miklar vangaveltur ákvað stjórn að breyta því fyrirkomulagi þar sem ekki allir iðkendur hafa sömu tækifæri á að mæta á mót og því ákvað stjórnin að hætta allri niðurgreiðslu á þessum gjöldum.

Eins og sést á þessari upptalningu hér að ofan þá eigum við í UMFL fullt af flottum og efnilegum krökkum sem hafa staðið sig alveg einstaklega vel innan vallar sem utan. Félagið vekur alltaf athygli þar sem við erum og okkur hrósað í hástert fyrir góða frammistöðu komandi af svona litlum stað. Foreldrar hafa líka verið duglegir að fylgja börnunum sínum á þessi mót og keppni, hvort sem er í foreldrahlutverkinu eða sem tengiliðir/þjálfarar og gerir það þetta allt svo miklu skemmtilegra að vera ein stór heild frá litlum stað þar sem allir styðja við bakið á hver öðrum. Þegar allir vinna vel saman gengur allt svo miklu betur og eiga foreldrar mikið hrós skilið.



Annað

Fjárafilanir eru mjög stór liður hjá félaginu og skiptir félagið gríðarlega miklu máli. Aðal fjárafilanir félagsins eru dósasöfnun og sala á wc- og eldhúspappír og rækjum og höldum við ótrauð áfram með þær. Við hvetjum hér með foreldra jafnt sem iðkendur til að vera enn öflugri í að mæta í fjárafilanir því margar hendur vinna létt verk og þetta skiptir okkur miklu máli.

Hið árlega UMFL hlaup var loksins haldið og var virkilega góð þátttaka í ár. Þessi viðburður er orðinn góð fjölskylduskemmtun en það var einstaklega gaman að geta spilað nýja stuðningsmannalagið okkar í upphafi. Allir fengu verðlaunapening í lok hlaups ásamt Hleðslu og kókómjól.

Félagið gerði pöntun á fatnaði fyrir félagsmenn á árinu en félagið verslar fót frá Macron og litir okkar eru gulur og svartur. Einnig erum við með húfur, vettlinga og kraga merkt félaginu ásamt vatnsbrúsum til sölu.

Félagið á öllu jafna góðann lager af rækjum og wc- og eldhúspappír sem við fáum að geyma í félagsheimilinu Þórsveri. Einnig eigum við 4 kanóbáta og kanókerru en bátarnir voru notaðir af almenningi á góðvísisdögum í sumar.

Við erum með litla skrifstofu í íþróttahúsinu þar sem við

geymum minni söluvarning, búninga og fleira. Einnig hefur Sigurbjörn aðstöðu þar uppi fyrir sitt starf. Dósakúlu eigum við sem er staðsett fyrir utan Hauksbúð. Allar okkar dósir úr dósasöfnunum fáum að geyma í Beitningarhöll Langesbyggðar þar sem við fáum einnig að geyma pönnuvöllinn okkar. Einnig eigum við 6 mörk sem eru á fótboltavellinum og allur okkar íþróttabúnaður er í íþróttahúsinu. Þá eigum við einnig boxbúnað, pönnuvöll sem notaður er úti við og fótboltaborðtennisborð sem notað er inni við.

Mikill áhugi er hjá félaginu að bæta æfingaraðstöðu félagsins úti í samvinnu við Langesbyggð. Sú vinna hófst fyrir þónokkru síðan og kláraðist fyrsti kaflinn sumarið 2021 þegar við vígðum nýju spjótkastrautina með flottu kasti frá Erlu Rós en einnig eru tilbúnir kringlu- og kúluvarpshringir. Því miður gerðist ekkert í þessu verkefni í ár en þar sem Langesbyggð ber þungann af kostnaði á þessu verkefni þá stýra þeir ferðinni og við fylgjum á eftir og setjum eins mikið af peningum og við treystum okkur til í þetta verkefni. Vonumst við svo sannarlega eftir því að þetta verkefni haldi áfram árið 2023. Þessar framkvæmdir sem gerðar voru skipta gríðarlega miklu fyrir okkur og breytir miklu fyrir okkar útiæfingar. Svona framkvæmdir eru dýrar og ákvað stjórn UMFL að reyna að leggja sitt að mörkum þar sem við verðum klárlega stærstu notendur að þessari aðstöðu. Allar okkar dósir fara í þessa uppbyggingu ásamt því að við höldum okkar árlega áheitaþing/hjól í sumar þar sem 5 lið hjóluðu, hlupu eða löbbuðu frá Fonti að íþróttahúsinu og söfnuðu áheituðum sem tókst alveg gríðarlega vel. Allir fengu glaðning í lokinn og verðlaunapening. Einnig hefur góðvinur okkar hann Guðmundur Fylkisson ásamt IH verslun gefið okkur varning til að selja og allur ágóði hefur farið í verkefnið. Einnig höfum við verið dugleg að sækja um styrki hér og þar í þetta verkefni og stundum gengur það upp og við fáum styrk og stundum ekki. Þetta verkefni er mjög stórt og breytir miklu fyrir alla íþróttaiðkun á staðnum og erum við því virkilega stolt og spennt fyrir þessu verkefni og áframhaldinu.

Æfingagjöld eru innheimt þrisvar á ári eftir annarskiptingum en við skiptum árinu upp í vor-, sumar- og haustönn og eru æfingagjöld greidd fyrir hverja önn. Þetta fyrirkomulag hefur verið síðan 2016 og hefur tekist mjög vel til. Fullt æfingagjald er greitt fyrir fyrstu tvö börnin og fá systkini eftir það 50% afslátt. Þá er vert að minnast á frístundastyrk sem foreldrar barna í Langesbyggð geta sótt um sem er frábært mál. Áfram er starf UMFL tengt skóladagatali og er það einróma álit stjórnar að það sé til fyrirmyndar að halda því til streitu. Með þessu fyrirkomulagi er gott fyrir foreldra að vita hvenær er frí frá æfingum. Í haust tókum við í notkun Sportabler sem langflest félög á landinu eru farin að nota og er virkilega gott app sem heldur utan um allt hjá félaginu svo sem æfingar, viðburði og æfingagjöld og geta allir haft samskipti sín á milli þar. Smá byrjendaörðuleikar hafa verið en sportabler er klárlega framtíðin.

Grasrótarverkefnið "komdu í fótbolta með Mola" hjá KSÍ kom til okkar í sumar líkt og árið áður. Þar mættu um 20 krakkar og höfðu mjög gaman af. Svona verkefni hefur mjög mikla þýðingu fyrir svona litla staði eins og okkar og var virkilega gaman að fá Mola til okkar. Við vitum það líka að Mola finnst mjög skemmtilegt að koma til Þórshafnar og

hitta krakkana okkar.

Stjórn félagsins finnst skipta mjög miklu máli að allir fái að fylgjast með okkur og okkar starfi og höfum því verið virkilega dugleg að nota facebooksíðu okkar í þeim tilgangi. Þar setjum við inn allt sem við erum að gera í máli og myndum svo vel hefur verið tekið eftir. Við höfum fengið skilaboð frá fólki um allt land sem tekur eftir okkar félagi og hversu virkt það er sem gefur okkur enn meiri by undir báða vængi. Okkur finnst líka einstaklega gaman að birta jákvæðar fréttir af fyrrum iðkendum UMFL eða brottfluttum Langnesingum sem eru að gera góða hluti. Blaðamaður hjá Silfur.is birti grein um okkur og uppbygginguna á frjálsíþróttasvæðinu okkar sem er virkilega skemmtilegt og jákvætt fyrir okkar félag. Bláðamenn frá Morgunblaðinu og Víkublaði birtu einnig grein um okkar góða starf.

Aðalfundur fyrir árið 2021 var haldinn 21.febrúar í Þórsveri. Þar héldu áfram úr fyrri stjórn Valgerður Sæmundsdóttir formaður, Þorsteinn Ægir Egilsson varaformaður, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir ritari, Úlfhildur Ída Helgadóttir gjaldkeri og Lára Björk Sigurðardóttir meðstjórnandi. Þeir sem hættu í stjórn voru Jóhann Hafberg Jónasson og Margrét Guðmundsdóttir. Inn í stjórn komu María Valgerður Jónsdóttir og Sigurbjörn Veigar Friðgeirsson. Þökkum við þeim Jóhanni og Margréti fyrir sitt starf fyrir félagið. Á aðalfundinum frumsýndi stjórnin nýtt stuðningsmannalag og myndband UMFL. Við fengum Ottó Gunnarsson til að henda í eitt slíkt lag fyrir okkar og sá Gréta Bergrún um myndbandsgerð en þar safnaði hún gömlum myndum úr starfi UMFL og erum við virkilega sátt með útkomu laga og myndbands.

Þann 18.október var haldinn mótafundur. Hugmyndin með slíkum fundi er að setja niður þau mót sem félagið stefnir á í öllum greinum. Frekar dræm mæting var á þann fund en

virkilega góðar umræður og finar hugmyndir.

Ársþing HSP fór fram í Sólvangi 12. mars en þar fengu þeir frá UMFL viðurkenningu sem var virkilega gaman. Jónas Egilsson fékk starfsmerki UMFÍ fyrir sín störf í þágu íþróttanna, Valgerður Sæmundsdóttir og Þorsteinn Ægir Egilsson fengur silfurmerki HSP fyrir sína vinnu hjá UMFL. Erum við virkilega stolt af þessu fólki okkar.

Á árinu fengum við forseta Íslands og frú í heimsókn og voru þau virkilega ánægð með hvað gott og mikið starf er unnið hjá okkur og var forsetafrúin einstaklega ánægð með félaga-fatnaðinn okkar og hafði hún orð á því. Gáfum við þeim húfu, kraga og vettlinga merkt UMFL að gjöf sem forsetinn lofaði að nota í útihlaupum sínum.

Við erum mjög ánægð með okkar störf á árinu og finnst okkur vel hafa tekist til. Til þess að félagið haldi áfram á góðri braut þurfa allir að standa saman, bæði stjórn, foreldrar og iðkendur. Að lokum viljum við þakka öllum okkar styrktaraðilum sem styrkja okkur árlega og þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem hafa styrkt okkur í einstaka verkefnum á árinu. Einnig viljum við þakka iðkendum okkar fyrir árið og foreldrum þeirra sem eru ekki síður mikilvægir því ef ekki væru foreldrar þá væru engir iðkendur.

Valgerður Sæmundsdóttir, formaður

Hvorki Skotfélag Þórshafnar og nágrennis né Ungmennafélagið Leifur heppni skiluðu starfsskýrslum vegna ársins 2022.

Heiðranir UMFÍ, ÍSÍ og HSB

Starfsmerki UMFÍ

Starfsmerki UMFÍ	Ártal
Jónas Egilsson	2022
María Sigurðardóttir	2021
Guðrún Kristinsdóttir	2018
Kristján I Jóhannesson	2017
Arngeir Friðriksson	2016
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Jón Þórir Óskarsson	2015
Magnús Þorvaldsson	2015
Freydís Anna Arngrímsdóttir	2014
Sigrúður Stella Jóhannsdóttir	2014
Björn Ingólfsson	2013
Birna Björnsdóttir	2012
Þóra Fríður Björnsdóttir	2011
Linda M. Baldursdóttir	2010
Hermann Aðalsteinsson	2010
Sölvi Steinn Alfreðsson	2009

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Haraldur Bóasson	2008
Arnór Benónýsson	2006
Baldur Daníelsson	2006
Anna S. Mikaelssdóttir	2005
Pétur Yngvason	2000
Sigurður V. Sigmundsson	1992
Halla Loftsdóttir	1988
Völundur Hermóðsson	1988
Guðni Halldórsson	1987
Kristján Yngvason	1987
Freyr Bjarnason	1984
Svanhildur Hermannsdóttir	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Þormóður Jónsson	1977
Vilhjálmur Pálsson	1977
Arngrímur Geirsson	1976
Arnaldur Mar Bjarnason	1975
Eysteinn Hallgrímsson	1973
Gunnlaugur Tr. Gunnarsson	1973
Þórður Jónsson	1973
Óskar Ágústsson	1971
Stefán Kristjánsson	1971

Gullmerki HSB

Gullmerki HSB	Ártal
Marínó Eggertsson	2022
Jón Friðrik Benónýsson	2021
Jón Þórir Óskarsson	2021
Kristján I. Jóhannesson	2021
Sölvi Alfreðsson	2021

Heiðursfélagi UMFÍ

Heiðursfélagi UMFÍ	Ártal
--------------------	-------

Kristján Yngvason	2021
-------------------	------

Gullmerki UMFÍ

Gullmerki UMFÍ	Ártal
Gunnhildur Hinriksdóttir	2021
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2021
Sigurbjörn Árni Arngrímsson	2021
Sigfús Haraldur Bóasson	2014
Anna Sigrún Mikaelssdóttir	2014

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Arnór Benónýsson	2006
Kristján Yngvason	1997
Óskar Ágústsson	1976

Ungmennasamband Norður-Þingeyinga

Aðalbjörn Gunnlaugsson	1986
Brynjar Halldórsson	1975

Heiðursorða ÍSÍ

Heiðursorða ÍSÍ	Ártal
-----------------	-------

Óskar Ágústsson	1970
-----------------	------

Gullmerki ÍSÍ

Gullmerki ÍSÍ	Ártal
Hermann Aðalsteinsson	2021
Guðrún Kristinsdóttir	2021
Jón Fr. Benónýsson	2019
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Anna Rúna Mikaelssdóttir	2010
Arnór Benónýsson	2010

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Halldór Bjarnason	1997
Magnús Þorvaldsson	1997
Vilhjálmur Pálsson	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Jónas Geir Jónsson	1977
Gunnlaugur Jónsson	1974
Þormóður Jónsson	1974
Þórður Jónsson	1974
Sigurður P. Björnsson	án árs
Óskar Ágústsson	1964

Silfurmerki ÍSÍ

Silfurmerki ÍSÍ	Ártal
Ragnar Emilsson	2022
Kristján Stefánsson	2019
Kolbrún Ívarsdóttir	2018
Baldvin Kristinn Baldvinsson	2018
Birna Davíðsdóttir	2017
Helen Jónsdóttir	2017
Elísabet Sigurðardóttir	2016
Hulda Skarphéðinsdóttir	2016
Torfhildur G. Sigurðardóttir	2015
Ágústa Pálsdóttir	2014
Friðrika Björk Illugadóttir	2013
Stefán Jónasson	2012

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Anna Sigrún Mikaelssdóttir	1997
Hanna Stefánsdóttir	1997
Ingólfur Freysson	1997
Jóna Matthíasdóttir	1997
Ævar Ákason	1997

Silfurmerki HSB

Silfurmerki HSB	Ártal
Gunnólfur Sveinsson	2022
Gylfi Sigurðsson	2022
Valgerður Sæmundsdóttir	2022
Þorsteinn Ægir Egilsson	2022
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2021
Hermann Aðalsteinsson	2021
Elísabet Sigurðardóttir	2021
Stefán Jónasson	2021

Íþróttamaður HSB

Héraðssamband Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2021	Tamara Kaposi-Peto	Völsungur
2020	Erla Rós Ólafsdóttir	UMFL
2019	Harpa Ásgeirsdóttir	Völsungur
2018	Þórarinn Ragnarsson	Snæfaxi
2017	Eyþór Kári Ingólfsson	Einingin
2016	Thelma Dögg Tómasdóttir	Grani
2015	Jóhannes Friðrik Tómasson	Efling
2014	Kristbjörn Óskarsson	Völsungur
2013	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2012	Signý Stefánsdóttir	Mývetningur
2011	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi
2010	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2009	Bjarni Þór Gunnarsson	Mývetningur
2008	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2007	Hafdís Sigurðardóttir	Bjarmi
2006	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2005	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2004	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2003	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2002	Pálmi Rafn Pálmason	Völsungur
2001	Hildigunnur Káradóttir	Mývetningur
2000	Inga Gerða Pétursdóttir	Mývetningur
1999	Sigurbjörg Hjartardóttir	Völsungur
1998	Arngeir Friðriksson	Efling
1997	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1996	Arngeir Friðriksson	Efling
1995	Valgerður Jónsdóttir	Efling
1994	Gunnhildur Hinriksdóttir	Eilífur
1993	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1992	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1991	Margrét Hermannsdóttir	Magni
1990	Unnar Vilhjálmsen	Efling
1989	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1988	Jónas Óskarsson	Völsungur
1987	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1986	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1985	Sólveig Árnadóttir	Efling
1984	Kristján Hjálmarsson	Völsungur
1983	Eyþór Pétursson	Mývetningur
1982	Stefán Geir Jónsson	Völsungur
1981	Vignir Valtýsson	Bjarmi
1980	Ragna Erlingsdóttir	Bjarmi
1979	Björn Olgeirsson	Völsungur
1978	Bergþóra Benónýsdóttir	Efling
1977	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1976	Ingi Yngvason	Mývetningur
1975	Ingi Yngvason	Mývetningur

Íþróttamenn ársins 2022

Bardagamaður HSB

Dagný Þóra Gylfadóttir

Dagný hefur tekið hvað mestum framförum af iðkendum og er það undantekning ef hún missir af æfingu. Hún er einnig farin að taka þátt í keppnum og hefur unnið til verðlauna.

Helsti árangur:

- 3. sæti á Mjólnir Open
- 3. sæti á Gilitrutt (kvennamót Týs)



Bocciamaður HSB

Aron Fannar Skarphéðinsson, Völsungi

Aron Fannar Skarphéðinsson er bocciamaður á hraðri uppleið. Hann vann 3. deildina á Íslandsmóttinu í einliðaleik sem haldið var í Keflavík í haust. Með miklum dugnaði og elju mun hann verða einn af þeim bestu í greininni. Hann er einn af okkar nýliðum og verður gaman að fylgjast með honum í framtíðinni.

Blakmaður HSB

Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, Völsungi

Heiðdís Edda hefur stundað blak frá unga aldri og verið í fremstu röð sinna jafnaldra á landsvísi. Hún hefur sýnt mikla þrautseigju og samviskusemi við ástundun. Á liðnu ári stóð hún sig með miklum sóma á seinni hluta síðasta keppnistímabils sem skilaði henni til æfinga með A-landsliði Íslands. Í upphafi núverandi leiktímabils var hún valin sem fyrirliði meistaraflokks sem er um þessar mundir í harðri toppbaráttu í úrvalsdeild Íslandsmóts BLÍ. Heiðdís byrjaði að spila með meistaraflokki aðeins 14 ára gömul og hefur síðan þá verið í fremstu víglínu með liði Völsungs. Yfirbragð hennar á blakvellingum er öðrum leikmönnum til eftirbreytni þar sem fátt virðist raska ró hennar þó að sitthvað gangi á. Sl. haust var hún köllum með stuttum fyrirvara inn í hóp A-landslið Íslands þar sem hún náði einni æfingu fyrir leik liðsins í undankeppni Evrópumóts 2023. Þar fékk hún að spreyta sig inná vellingum góðan part leiksins gegn ógnarsterku liði Tékká og stóð sína plikt með mikilli þýði og var sjálfri sér og Völsungi til sóma. Að auki æfði hún og spilaði með öllum yngri landsliðum Íslands á árinu, U17, U19 og U21.

Helsti árangur:

- Úrvalsdeild kvenna - 6. sæti 2021-2022
- Úrvalsdeild kvenna - 3. sæti 2022-2023 eftir fyrri umferð
- U21 - SCA mót landsliða smáþjóða – 2. sæti
- U17 Norðurlandamót NEVZA – 3. sæti
- U19 Norðurlandamót NEVZA
- A-Landslið Íslands – þátttaka í undankeppni Evrópumóts 2023



Glímumaður HSB

Einar Eyþórsson - Mývetningi

Einar hefur verið öflugur fulltrúi Mývetnings og HSB í glímukeppnum ársins. Hann var á verðlaunapalli í öllum þeim mótum sem hann tók þátt í. Eins hlaut hann Hjálmshornið í þriðja sinn en það er fegurðarglímuverðlaun GLÍ og eru veitt fyrir fegurstu og bestu glímu á Íslandsglímunni. Einar fór svo til Englands í keppnisferð með afrekshóp GLÍ. Einnig má nefna að Einar beitti sér fyrir því að Íslandsmótið í glímu yrði haldið í Mývatnssveit og á heiður skilið fyrir það.

Aftek ársins eru meðal annars:

- 1.sætið í opnum flokki á Haustmóti GLÍ
- 2. sætið í Íslandsglímunni
- 1. sætið í +84 kg á Tímamóti GLÍ og 1. sætið í opnum flokki
- 1. sætið í opnum flokki á Íslandsmóti GLÍ



Frjálsíþróttamaður HSP

Hólmgeir Rúnar Hreinsson, Völsungi

Hólmgeir átti feiknagott ár í hlaupunum og var duglegur að reima á sig keppnisskóna. Hann fór víða um land og tók meðal annars þátt í sínu lengsta utanvegahlaupi til þessa, 7 tinda hlaupinu í Mosfellsbæ sem eru tæpir 40 km að lengd og 1800 metrar í hækkun. Hólmgeir hefur verið lengi að í sportinu og er afar duglegur og metnaðargjarn. Hann æfir hvenær sem hann getur, jafnt að nóttu sem degi og í öllum aðstæðum. Hann sést gjarnan arka upp Húsavíkurfjall og skipta ferðir hans þangað upp hundruðum síðustu árin. Hólmgeir er fyrirmynd og góður liðsfélagi.

Helsti árangur:

- Þorvaldsdalsskokkið 25 km – 2:49:23, 20 sæti af 108
- Dyrfjallahlaupið 23 km – 2:47:18, 17 sæti af 115
- Jökulsárhlaupið 32,7 km – 2:30:05, 27 sæti af 88
- 7 tindahlaupið 39,5 km – 5:03:01, 27 sæti af 49



Knattspyrnumaður HSP

Árdís Rún Þráinsdóttir, Völsungi

Árdís sem er fyrirliði Völsungs var alger lykilmaður í Völsungslíðinu í sumar. Hún fór fyrir líðinu sem endaði í 2. sæti í deildarkeppninni og í 3. sæti í úrslitakeppninni og var liðið hársbreidd frá því að tryggja sér sæti í Lengjudeildinni. Árdís er frábær íþróttamaður og öðrum iðkendum, ungum sem öldnum, frábær fyrirmynd bæði utan vallar sem innan. Hún setur miklar kröfur á sjálfan sig og leggur sig alltaf 100% fram í öll þau verkefni sem fyrir liggja.

Helsti árangur:

- Fyrirliði kvennaliðs Völsungs sem fór alla leið í úrslit 2.deildar kvenna 2022 og endaði þar í 3. sæti.



Skákmaður HSP

Smári Sigurðsson, Skákfélagið Goðinn

Smári Sigurðsson átti einstaklega gott ár við skákborðið. Hann vann 4 titla af 5 mögulegum sem keppt er um árlega hjá Skákfélaginu Goðanum. Smári varð Héraðsmeistari HSP 2022 í skák í febrúar, en hann vann alla sína andstæðinga á héraðsmótinu. Þá varð hann skákmeistari Goðans 2022 þegar hann vann sigur á Skákpíngi Goðans/Meistaramót í apríl og fór taplaus í gegnum það mót. Smári varð síðan Atskákmeistari Goðans 2022 í nóvember án þess að tapa skák. Smári innsiglaði að lokum gott ár með því að verða Hraðskákmeistari Goðans í desember, þar sem hann vann 13 skákir og gerði bara eitt jafntefli. Litlu munaði að Smári bætti 5 titlinum við á Janúarmóti Goðans 2022 en þar varð hann jafn sigurvegaranum að vinningum en örlítið lægri á oddastigum. Smári tefldi alls 31 skák á þessum 5 mótum. Hann vann 24 skákir, gerði 7 jafntefli, en tapaði engri skák.



Skotíþróttamaður HSP

Kristján Ragnar Arnarson, Skotíþróttafélag Norðurlands

Kristján hefur verið í fremstu röð skotmanna á landinu í ríffilgreinum um árabíl. Metnaðarfullur keppnismaður og réttsýnn. Góður leiðbeinandi, hjálpsamur og greiðvikinn við aðra iðkendur. Áhugasamur um uppbyggingu skotíþróttarinnar og regluverki henni tengdu.

Helsti árangur:

- 1. sæti í 50BR í sporter og heavy varmint flokkum á Egilsstöðum
- 1. sæti á Páskamóti með óbreyttum veiðirifflum 100m
- 1. sæti á Vormóti á Akureyri í 50BR sporter og heavy varmint flokkum
- 1. sæti á Sumarmóti á Akureyri í 50BR sporter og heavy varmint flokkum
- 1. sæti á Íslandsmeistaramóti í 50 BR sporter flokki á nýju Íslandsmeti og 2. sæti í 50BR heavy varmint
- 1. sæti á Akureyrameistaramóti í 50BR sporter og heavy varmint flokkum
- 18. sæti á HM í liðakeppni í Hunter class 50BR



Lög Héraðssambands Þingeyinga

I. Kafi. Um sambandið

1. grein

Sambandið heitir Héraðssamband Þingeyinga, skammstafað HSP. Lögheimili þess og varnarþing er þar sem skrifstofa sambandsins er staðsett hverju sinni. Sambandssvæðið nær yfir sveitarfélögin frá Langanesbyggð í austri til Grýtubakka-hrepps í vestri.

2. grein

Tilgangur sambandsins er að efla samhug og samvinnu æskulýðsins í Þingeyjarsýslum, stuðla að fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi aðildarfélaganna og vera málsvári félaganna út á við. HSP skal starfa samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.

Hlutverk HSP er:

- Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera þar fulltrúi ÍSÍ, en sérráð, er stofnuð eru, fara með stjórn sérgreinamála innan héraðsins.
- Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar- og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- Að varðveita og skipta milli félaganna því fé, sem til þess hefur verið veitt í því skyni.
- Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði.
- Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs innan héraðs.
- Að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarféлага og halda utan um staðfest lög félaga og skili yfirliti til ÍSÍ yfir lög aðildarféлага í lok hvers árs.
- Að tilkynna ÍSÍ og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda.
- Að fylgjast með því að starfsemi aðildarféлага fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild. Í því skyni skal HSP hafa fullan aðgang að bókhaldi og fylgiskjölum aðildarféлага/séráðs sinna og ef ástæða þykir til getur stjórn HSP tilnefnt sérstakan skoðunarmann reikninga fyrir félagið og fyrirskipað ítarlega rannsókn á fjárreiðum viðkomandi aðildarfélags/séráðs. Aðildarfélag/séráð getur krafist þess að bókhaldsgögn fari eingöngu um hendur löggilts endurskoðanda.

3. grein

HSP er stjórnað af:

- Árþingi HSP
- Stjórn HSP

Reikningsár er almanaksárið.

II. Kafi. Um Árþing

4. grein

Árþing HSP fer með æðsta vald í málum sambandsins. Árþing skal haldið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til þess með minnst eins mánaðar fyrirvara. Tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum skulu hafa borist stjórn HSP eigi síðar en þremur vikum fyrir árþing. Dagskrá, reikninga, fjárhagsáætlun, tillögur sem borist hafa ásamt tillögum sem stjórn hyggst leggja fyrir þingið skulu kynntar aðildarfélagunum með síðara þingboði í síðasta lagi viku fyrir árþing.

Boðun þings og framlagning gagna fyrir og á árþingi má vera á rafrænu formi, verði því við komið.

5. grein

Hvert aðildarfélag á rétt á að senda að lágmarki 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa á árþing HSP. Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags miðast við fjölda lögráða félagsmanna (18 ára og eldri) eftir félagatali í starfsskýrslum síðastliðins starfsárs til ÍSÍ/UMFÍ og samkvæmt eftirfarandi töflu:

Fjöldi félaga 18 ára og eldri	Fjöldi þingfulltrúa
0-75	1
76-150	2
151-300	3
301-600	4
601-900	5
901- og yfir	6

Fyrir iðkendur 17 ára og yngri verði til viðbótar fulltrúar sem hér segir:

20-100	1
101-300	2
301 og fleiri	3

Þá eiga séráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert og hafa þeir fulltrúar jafnan rétt og aðrir fulltrúar þingsins. Kjörgengi og kosningarétt til árþings HSP hafa allir lögráða félagsmenn.

6. grein

Lögmætt er árþing ef löglega er til þess boðað. Fulltrúar skulu leggja fram kjörbréf frá viðkomandi félagi/ráði. Eigi má fulltrúi á árþingi fara með nema eitt atkvæði. Allir félagar innan UMFÍ og ÍSÍ hafa málfrelsi og tillögurétt á árþingi, en kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt.

7. grein

Árþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þingið kys 5 einstaklinga í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en tveir meðstjórnendur annað hvert ár til tveggja ára. Einnig skal kjósa tvo varamenn til tveggja ára, einn annað hvert ár. Varamenn taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir voru kosnir.

Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra.

Stjórn sambandsins skiptir sjálf með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Hver stjórnarmaður getur, að loknu kjörtímabili, skorast undan endurkosningu til jafn langs tíma. Þá skal þingið kjósa í allar aðrar trúnaðarstöður sambandsins sem kosið er í til eins árs í senn. Kosningar skulu bundnar við uppástungur, nema árþing ákveði annað.

8. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingi og verði atkvæði jöfn er málið fallið. Ef tveir eða fleiri hljóta jafn mörg atkvæði til að ná kosningu skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

Lögum verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða.

9. grein

Stjórn HSP skal styðjast við eftirfarandi dagskrá á ársþingi:

1. Þingið sett
2. Starfsmenn þingsins kosnir
 - a) Forsetar
 - b) Ritarar
3. Kjörbréfanefnd kosin
4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
6. Álit kjörbréfanefndar
7. Reikningar bornir undir atkvæði
8. Ávörp gesta
9. Mál lögð fyrir þingið
10. Skipan í starfsnefndir – nefndarstörf
 - a) Allsherjarnefnd
 - b) Íþróttanefnd
 - c) Fjárhagsnefnd
 - d) Laganefnd
11. Afgreiðsla mála
12. Kosningar
 - a) Formaður
 - b) Aðalmenn í stjórn
 - c) Varamenn í stjórn
 - d) Skoðunarmenn reikninga
 - e) Fulltrúi á íþróttþing ÍSÍ
13. Önnur mál
14. Þingslit

10. grein

Aukapíng skal halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess, stjórn HSP eða eftir ákvörðun ársþings. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapíngs má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapíngi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapíngi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

III. Kafli. Um stjórn

11. grein

Stjórn HSP skipa formaður, fjórir aðalmenn og tveir varamenn kjörnir á ársþingi skv. 7. grein. Á fyrsta fundi sínum skal stjórn skipta með sér verkum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum ársþinga og ákvæðum laga þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju ársþingi gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðnu ári, leggur fram endurskoðaða reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra.

12. grein

Stjórn sambandsins skal halda stjórnarfundum eins oft og

þurfa þykir. Skal boða bæði stjórn og varastjórn. Einstaklingar í varastjórn hafa málfrelsi og tillögurétt á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt, nema ef forföll verða í aðalstjórn og þá í þeirri röð sem þeir voru kosnir.

13. grein

Heimilt er stjórn sambandsins að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn. Einnig er stjórninni heimilt að ráða starfsmann á launum til sambandsins um lengri eða skemmri tíma og semja við hann um kaup og kjör. Skyld er stjórninni að gera skriflegan samning í hvert sinn sem slík ráðning fer fram.

14. grein

Heimilt er stjórn sambandsins að skipa í nefndir sem sinna ákveðnum skilgreindum verkefnum innan sambandsins. Stjórn setur reglur um starf nefnda.

15. grein

Heimilt er að kjósa heiðursfélaga HSP og veita aðrar heiðursviðurkenningar. Stjórn sambandsins setur reglur þar um sem ársþing staðfestir.

IV. Kafli. Um aðildarfélög

16. grein

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.

17. grein

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, stjórn og félagatal. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga nýs aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ á lögum viðkomandi félags.

18. grein

Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lög-mæt að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á ársþingi. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjármunum sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldaust við sambandið.

19. grein

Skyld er hverju félagi að greiða til sambandsins árgjald fyrir hvern félagsmann, 18 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldldagi er 1. júní og skal miða við félagatal skv. starfsskýrslum til ÍSÍ/UMFÍ sama ár. Nú gerir félag engin skil til sambandsins þrjú ár samfelld. Hefur þá ársþing heimild til að vísa því félagi úr sambandinu, enda skal stjórnin hafa aðvarað það.

20. grein

Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund á tilsettum tíma skal stjórn HSP, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um fram-

kvæmd hans. Ársþingi HSP er heimilt, hafi aðildarfélag ekki farið að lögum og/eða fyrirætlum þess, að ákveða að víkja féluginu úr HSP.

Ákveði ársþing HSP að víkja félagi úr því er stjórn HSP skylt að tilkynna það til ÍSÍ og viðkomandi sérsambands/ sérsambanda.

V. Kafli. Um sérráð

21. grein

Sérráð er samband þeirra félaga og félagsdeilda innan HSP sem hafa iðkun sömu íþróttar á stefnuskrá sinni. Það fjallar um sérfræðileg málefni íþróttagreinar innan héraðsins. Um önnur mál er sérráð háð HSP.

Þar sem tvö eða fleiri aðildarfélög hafa iðkun sömu íþróttagreinar á stefnuskrá sinni má HSP stofna sérráð. Ársþing skilgreinir sérráð og ákveður hvaða ráð skuli starfa milli þinga. Þó skal stjórn HSP einnig heimilt að skipa sérráð ef ástæða er til. Aðildarfélög geta óskað eftir því við stjórn HSP að sérráð sé skipað.

HSP skal setja starfsreglur um sérráð sem kynna þarf sér-sambandi í viðkomandi íþróttagrein. Ársþing staðfestir starfsreglur sérráða, en stjórn HSP getur sett starfsreglur sérráða til bráðabirgða fram að næsta ársþingi.

22. grein

Sérráð skulu almennt skipuð formönnum aðildarfélaga eða deilda innan aðildarfélaga sem sinna viðkomandi íþróttagrein, eða fulltrúum þeirra. Sérráðin skipta sjálf með sér verkum og tilnefna formann. Stjórn HSP staðfestir skipan formanna sérráða.

23. grein

Hlutverk sérráða almennt er að annast skipulag mótahalds og viðburða í hlutaðeigandi íþróttagreinum innan héraðs. Sérráð gerir tillögur að reglum um mótahald og aðra starfsemi og staðfestir stjórn þær. Að öðru leiti er vísað til starfsreglna hvers sérráðs.

Sérráð skulu skila ársskýrslum og reikningum til stjórnar HSP fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSP.

VI. Kafli. Önnur ákvæði

24. grein

Ákvörðun um slit sambandsins skal taka á löglega boðuðu ársþingi. Komi slík tillaga fram skal hún þegar tekin til umræðu og atkvæði um hana greidd. Samþykki 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa tillöguna skoðast hún samþykkt og skal þingi slitið tafarlaust. Fráfarandi stjórn situr áfram í fullu umboði og skal hún boða til aukabings innan tveggja mánaða. Þá skal tillagan borin upp að nýju. Sé hún samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða fulltrúa á þinginu skulu það heita lögleg sambandsslit. Verði tillagan felld skulu þingstörf halda áfram þar sem frá var horfið á fyrra þingi.

25. grein

Komi til sambandsslita HSP skulu allar eignir þess renna í einn sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í pengingastofnun á sambandssvæðinu. Höfuðstól sjóðsins má eigi

skerða en ráðstafa 2/3 ársávöxtunar til íþrótt- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði HSP.

Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og HSP á sambandssvæðinu skulu eignir HSP renna til þess.

26. grein

Lög þessi öðlast gildi eftir samþykkt þeirra og falla þá eldri lög úr gildi.

Samþykkt á ársþingi HSP haldið í Þórsveru á Þórshöfn 20. mars 2021.

Verkefna- og styrktarsjóður HSP

1. Sjóðurinn heitir Verkefna- og styrktarsjóður HSP og er stofnaður á ársþingi HSP 2021 með stofnframlagi núverandi innistæða Afreksmanna-, Aksturs- og Fræðslusjóðs HSP.
2. Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla íþrótt- og félagsstarf á sambandssvæði Héraðssambands Þingeyinga.
3. Stjórn sjóðsins er skipuð formanni, gjaldkera og ritara HSP. Hlutverk hennar er að gera tillögu að úthlutun fjár úr sjóðnum og fylgjast með nýtingu styrkja.
4. Tekjur sjóðsins eru:
 - a. Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum samkvæmt reglugerð um skiptingu á lottótekjum sambandsins.
 - b. Frjáls framlög og söfnunarfé.
5. Markmið sjóðsins er m.a. að styrkja eftirfarandi:
 - a. Íþróttafólk sem hefur hæfileika og getu til þess að ná langt í sinni íþróttagrein.
 - b. Félagsmenn (iðkendur, þjálfara, starfsfólk og stjórnarfólk) til þátttöku í fræðslunámskeiðum, ráðstefnum eða fundum sem er íþróttalífi og félagsstarfi í héraði til bóta.
 - c. Fræðsluerindi innan héraðs fyrir iðkendur, þjálfara, dómara eða sjálfboðaliða. Skilyrði er að opið sé fyrir þátttöku frá öllum aðildarfélögum HSP.
 - d. Ferðakostnað einstaklinga vegna æfinga og keppni innanlands og erlendis.
 - e. Nýjungar og sérstök verkefni.

Stjórn sjóðsins skal setja sér vinnureglur vegna úthlutunar styrkja og ákveður styrkuppþæðir hverju sinni, þ.m.t. hámarksuppþæðir til einstaklinga/hópa og fjölda styrkja til sama einstaklings/hóps/verkefnis innan sama árs.
6. Úthlutað er úr sjóðnum tvisvar sinnum á ári og skulu umsóknir hafa borist fyrir 15. maí vegna verkefna sem hefjast á tímabilinu frá 1. nóvember sl. árs til 30. apríl sama árs, og fyrir 15. nóvember vegna verkefna sem hefjast á tímabilinu frá 1. maí til 31. október sama árs. Heimilt er að veita út sjóðnum við fyrri úthlutun 50% af því fé sem í honum er ásamt 50% af tekjuafgangi síðasta árs og við síðari úthlutun því fjármagni sem eftir er í sjóðnum. Styrkuppþæðir fara eftir fjármagnsgetu sjóðsins.
7. Eingöngu félagsmenn aðildarfélaga HSP geta sótt um styrk úr sjóðnum sem og stjórnir aðildarfélaga HSP. Sjóðurinn styrkir eingöngu þá sem iðka/þjálfar íþrótt sína og/eða keppa og starfa undir merkjum HSP og aðildarfélaga þess. Þó geta félagsmenn aðildarfélaga HSP sem lögheimili hafa á sambandssvæðinu og stunda íþróttir á vegum ÍSÍ sem ekki er keppt í á vegum aðildarfélaga eða sérráða HSP sótt um styrk úr sjóðnum.
8. Umsóknum skal skilað rafrænt til framkvæmdastjóra eða formanns HSP á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram kemur: Nafn félags; nafn umsækjanda/ábyrgðarmanns, símanúmer, netfang og reikningsupplýsingar; heiti verkefnis og lýsing á verkefninu sem sótt er um; fyrirhuguð ráðstöfun styrks og upphæð sem sótt er um.
9. Sjóðsstjórn áskilur sér rétt til þess að afla sér nánari upplýsinga en þeirra sem fram koma á umsóknareyðublaði s.s. leita umsagnar annarra aðila og krefjast staðfestingar á verkefninu t.d. með afritum af reikningum og kvittunum.
10. Styrkþegar skulu skila stutttri greinargerð um framgang verkefnisins að því loknu.
11. Sjóðsstjórn metur hverja umsókn til samþykktar eða synjunar og skal á hverju ársþingi HSP gera grein fyrir styrkveitingum úr sjóðnum.
12. Reglugerð þessi tekur gildi þegar ársþing HSP hefur samþykkt hana.

Samþykkt á ársþingi HSP haldið í Þórsveri á Þórshöfn þann 20. mars 2021. Samhliða stofnun sjóðsins voru afreksmanna-, aksturs- og fræðslusjóður HSP lagðir niður.